



**Graffítí sem skemmdarverk eða listaverk:**

Er graffítí betur séð nú en áður?

Arnar Hólm Einarsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Graffítí sem skemmdarverk eða listsaverk:**

Er graffítí betur séð nú en áður?

Arnar Hólm Einarsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í Þjóðfræði

Leiðbeinandi: Bryndís Björgvinsdóttir

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

janúar 2015

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í Þjóðfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Arnar Hólm Einarsson 2014

1701902539

Reykjavík, Ísland 2014

## Útdráttur

Markmið þessarar ritgerðar er að kanna hvort einhverjar breytingar hafa orðið á orðræðunni um graffítí meðal almennings sem og borgarinnar sjálfrar á seinustu árum. Í ritgerðinni er fjallað um graffítí almennt sem og graffarana sjálfa og þau undanbrögð sem graffararnir beita. Ritgerðin byggir mestmegnis á viðtölum sem ég tók við einstaklinga sem graffa og þeim þátttökuathugunum sem ég fór í. Þátttökuathuganirnar gerðu það að verkum að ég kynntist graffsenunni á eigin skinni og upplifði það hvað það er í raun og veru að *graffa*. Það sem drífur graffarana áfram í sinni listsköpun er samblanda af ástríðu, pólitískri ádeilu og síðast en ekki síst sú félagslega athöfn sem felst í þátttöku í „senunni“ sjálfri. Lífstíll hvers og eins endurspeglast síðan í því graffi sem viðkomandi skilur eftir sig og þannig taka að myndast ákveðin graffgengi graffara sem deila svipuðum hugmyndum og fagurfræði eða stíl. Þeir sem stunda þessa iðju og eru með svipaðan stíl taka sig þá saman og mynda graffgengi sem gera það að verkum að (táknrænt- og félagslegt) auðmagn graffarana stækkar. Seinna meir getur svo graffið orðið að efnahagslegu auðmagni hópsins, eins og gerðist í tilviki strákanna í graffgenginu RWS. Athöfnin að graffa stangast á við lög og jafnvel óskrifaðar reglur samfélagsins og dregur fram í dagsljósið samfélagsleg viðmið hins almenna borgara. En hugmyndir um hreinlæti eru oft á tíðum mikið ádeilumál í þessum efnum. Margir halda að þeir sem graffa séu siðblindir og einhverskonar afsprengi af glæpastarfsemi en það eru að mínu mati aðeins fórdómar gagnvart hinu óþekkta. Graff er eitt af þeim fjölmörgu listformum sem fyrirfinnast í veröldinni og er ákveðin leið fyrir fólk til að tjá sig. Inn í ritgerðina blandast síðan saman kenningar fræðimanna og átakið *Hrein borg* sem Reykjavík fór í árið 2008, en um leið og borgin tók að beita ráðagerðum til þess að hafa hendur í hári graffara og mála yfir graffítí, þá voru graffarar strax komnir með svör og undanbrögð sem þeir nýttu til að taka áfram þátt „leiknum“ og koma þannig í veg fyrir að graffítí hyrfi úr borginni.

# Efnisyfirlit

Útdráttur .....	3
Formáli .....	5
Inngangur.....	6
1. Um graffítí.....	8
2. Graffið ryður sér til rúms .....	11
3. Graffítí: týpur og stílar .....	15
3.1 Týpur .....	15
3.2 Stílar .....	17
4. Öflun heimilda .....	21
4.1 Þáttökuathugun 1 .....	24
4.2 Þáttökuathugun 2 .....	25
4.3 Þáttökuathugun 3 .....	26
5. Kenningar .....	29
5.1 „Broken Window Theory“.....	29
5.2 Auðmagn.....	30
5.3 Óhreinindin eru í augum sjáandans.....	33
5.4 Veruháttur og fleiri kenningar .....	36
6. Ólöglegt athæfi.....	39
7. Reykjavík – Hrein Borg .....	42
Niðurstöður .....	45
Heimildaskrá.....	48
Myndaskrá .....	52

## **Formáli**

Þessi ritgerð er lokaverkefni mitt til BA prófs í þjóðfræði við Háskóla Íslands. Ritgerðin er metin til 12 eininga (ECTS) af 180 eininga námi í þjóðfræði. Ritgerðin var unnin á haustmíssi 2014. Bryndís Björgvinsdóttir var leiðbeinandi minn og fær hún gífurlegar þakkir fyrir gott samstarf, þolinmæði og frábæra leiðsögn. Einnig langar mig að þakka ömmu Sigrúnu fyrir að hafa þrýst mér áfram í náminu þegar lítið sem ekkert var eftir á tankinum hjá mér og ekki til aur fyrir skólagjöldum. Einnig á móðir mín, Lilja Kristín og Björk Hólm hrós skilið fyrir mikla hjálp í einu og öllu hvað varðar skrif og yfirllestur. Þessi ritgerð væri síðan ekki til nema fyrir þá graffara sem tóku mér strax sem féлага og spjölluðu við mig um allt er snýr að graffítí, tóku mig með sér í þátttökuathuganir og hjálpuðu mér þannig við að upplifa það að graffa á eigin skinni.

## Inngangur

Frá því að ég var lítill gutti á ferðalögum mínum um undirgöng Hafnarfjarðar hef ég ávallt haft mikið dálæti á myndum sem eru sprejjaðar á veggum eða aðra fleti í borgarrýminu – og þá kannski sérstaklega á veggum í undirgöngum. Það var þó ekki fyrr en fyrir rúmu ári síðan sem ég kolféll fyrir graffítí-listinni og vildi kynna mér hana nánar. Sjálfur hafði ég aldrei sprejjað fyrr en ég fór að kynna mér graffítí betur með þátttökuathugun tengdri ritgerð minni á graffítí í þjóðfræði við Háskóla Íslands og kynntist þá á eigin skinni þeirri tilfinningu sem fylgir því að graffa. Áður en ég bjó yfir þessari reynslu og töluvert áður en öflun heimilda átti sér stað hafði ég líklega eins og margir ,fyrirfram mótaðar skoðanir á graffi og upplifun graffara af þessu athæfi sínu. Þá snerust skoðanir mínar fyrst og fremst um stíl og útlit graffsins – og hvað féll að mínum smekk og hvað ekki. En smám saman fór ég að þekkja fleiri og fleiri stíla og handbragð nokkurra aðila sem hafa verið hvað virkastir við að graffa á höfuðborgarsvæðinu. Graffítískriftin varð mér líka fljótt auðlesanlegri og alltaf komst ég að einhverju nýju ,því dýpra sem ég sökkti mér í þennan heim graffsenunar á Íslandi. Þá reyndist mér auðvelt að komast í samband við virka graffara, fá að slást í för með þeim og taka viðtöl, þar sem í ljós kom að við áttum gjarnan sameiginlega vini.

Í þjóðfræðinni fór ég meðal annars í áfangana *Efnismening, hlutirnir, heimilið og líkaminn* og síðan *Þjóðfræði samtímans*. Í báðum þessum áföngum las ég grein um graffítí eftir þjóðfræðinginn Valdimar Tr. Hafstein, „Graffítí: List á röngum stað“ en hún birtist í *Lesbók Morgunblaðsins* árið 2003. Í kjölfar kúrsins *Þjóðfræði samtímans* fór ég að skoða graffítí enn betur. Mér fannst athyglisvert að í umræðutímum áfangans kom ítrekað fram að fólk hafði mjög mismunandi skoðanir á graffítí og graffítíheiminum – graffítí var þrætuepli. Einkennidist deilan þá oft að því hvort og hvenær það mætti flokka graffítí sem list eða skemmdarverk. Á sama tíma fannst mér grein Valdimars fara inn á margt sem tengir graffítí við ýmsar fræðikenningar og vangaveltur sem mér hafa fundist vera hvað athyglisverðastar innan þjóðfræðinnar. Í kjölfarið langaði mig til að ræða við graffara um inntak greinarinnar og máta kenningar fræðimanna við raunveruleikann – um leið og ég spyr graffara hvaða sýn þeir sjálfir hafi á þær. Fer upplifun þeirra af graffítí og því að graffa saman við það sem fræðimenn hafa haldið fram? Hvernig sjá þeir sjálfir graffítí? Þá má einnig spyrja: Hvað er það að graffa og hvað þýðir það fyrir graffarann? Er graffið list eða skemmdarverk? Hvaða áhrif hefur bakgrunnur graffarans á sýn hans á gjörninginn? Einnig velti ég fyrir mér hvort að sýn almennings og borgarinnar á graffítí hafi breyst á undanförunum árum en grein Valdimars Tr.

Hafstein var skrifuð fyrir einum tólf árum síðan. Hafði kannski eitthvað og jafnvel ýmislegt breyst frá því hún var skrifuð árið 2003? Sú rannsóknarspurning sem ég lagði reyndar upp með í upphafi var þessi: Er graffítí orðið samþykktara í samfélaginu en áður? En fljótlega tók að móta fyrir nýjum spurningum sem ég vildi líka leita svara við og eru þær flestar tíundaðar hér að ofan.

Í fyrsta kafla mun ég fjalla um graffítí almennt, um fyrirbærið og hvað fellur undir orðið „graffítí“. Í öðrum kafla verður áhersla lögð á sögu graffitsins, ferðast verður langt aftur í tímann, alla leið til Pompeii og rýnt í þær hellarannsóknir sem Dale Guthrie hefur eytt stórum hluta ævi sinnar í. Þriðji kafli er um þá stíla og týpur sem ég hef verið hvað mest var við bæði héraðs og erlendis. Myndir spila þar stórt hlutverk því fyrir mörgum snýst graffítí að mjög miklu leyti um hinar sjónrænu hliðar þess. Í fjórða kafla verður farið inn á hvaða aðferðum var beitt við öflun heimilda og hvers vegna ég kaus að styðjast við þær aðferðir frekar en aðrar sem í boði eru. Einnig verður fjallað um þær þrjár þátttökuathuganir sem ég framkvæmdi og munu kaflanum fylgja myndir af nokkrum af þeim verkum sem unnin voru af listamönnum sem ég rannsakaði og sögur sem ég fékk að heyra á meðan athæfinu stóð. Fimmti kafli er um nokkrar kenningar sem tengja má við graffítí til að dýfka skilning okkar enn frekar á fyrirbærinu. Sjötti kafli fjallar um graffítí sem ólöglegt athæfi og litið verður til lagarammans. Leitast verður eftir að sýna samanburð milli Íslands og annara landa í stuttu máli. Í sjöunda og jafnframt síðasta kaflanum verður fjallað um átakið sem Reykjavíkurborg fór í árið 2008 og bar heitið - *Hrein borg*.

Niðurstöður mínar leiða í ljós að almenningur er samþykktari graffítí en áður fyrr – svo framarlega sem að verkin eru það sem kalla má „listræn“ og eru þá helst í stærri kantinum. Sá angi graffitsins sem kallast *tagg* er það sem að eyðileggur fyrir þeim listamönnum sem leggja sig fram við gera stór og falleg verk – þar sem hvoru tveggja er séð sem graffítí framkvæmt af gröffurum. Einnig eru þær kenningar sem mér fannst hvað áhugaverðastar birtar margar í grein Valdimars, gröffurunum hugleiknar þó svo að þeir þekki ekki endilega kenningarnar sem slíkar. Þetta styrkti kenningarnar mikið í mínum huga og um leið fannst mér ég geta jarðtengt kenningar fræðimanna innan háskólans við raunveruleikann á götum úti.



## 1. Um graffítí

Eflaust hafa flestir orðið varir við graffítí á ferðum sínum, hérlandis sem erlendis, en það getur þó verið að orðið sjálf „graffítí“ sé fólki ekki eins kunnuglegt – og hringi jafnvel engum bjöllum hjá sumum. Graffítí getur verið margvíslegt. Það getur samanstaðið af myndum og orðum, mörgum litum eða fáum, mismunandi lögun og formum, og allskonar fígúrum, en allt á þetta þó það sameiginlegt að vera ritað eða spreyað á byggingar, veggi, farartæki eins og lestar, hluti eins og ruslafötur, gangstéttar eða í raun á hvaða flöt sem er. Þjóðfræðingurinn Valdimar Tr. Hafstein setur vinsældir graffsins í borginni í samhengi við tilkomu hip-hopsins á níunda áratugnum og orðar það sem svo í grein sinni sem birtist í *Morgunblaðinu* árið 2003, „Graffítí: List á röngum stað“: „Þá [í kjölfar hip-hopsins] fór að tíðkast í fyrsta sinn að ungmenni færu um bæinn með spreibrúsa og tússpenna og merktu auða fleti á húsveggjum, bílskúrum, rafmagnskössum, umferðarskiltum og undirgöngum.“<sup>1</sup>

Nú þegar leitast hefur verið við að lýsa graffítí er lesandi kannski búin/n að sjá graffítí fyrir sér myndrænt í huganum, og þá má einnig nefna það að oft er talað um graffítí sem veggjakrot, veggjalist eða skemmdarverk.<sup>2</sup> Allt eru þetta orð sem segja má að endurspegli skoðanir fólks á fyrirbærinu, fremur en því hvað graffítí er í raun og veru. En vegna þess að orðið graffítí er svo merkingarhlaðið langar mig til að notast frekar við orðið „graff“ þar sem það er að mínu mati hlutlausara og einfaldara í notkun, svo vitnað sé aftur í Valdimar Tr. Hafstein: „... einnig hefur orðið „graff“ náð talsverðri útbreiðslu og hefur þann kost að úr því má mynda sögnina að graffa og nafnorðið graffari.“<sup>3</sup>

Margar mismunandi útgáfur af graffi eru til og mun ég koma að þeim seinna en ávallt mun þó vera rætt um þær sem graff. Það á einnig við um þann undirflokk graffsins sem kallast „tagg“. Tagg er letur sem annað hvort er spreyað eða tússað á einkaeignir eða á almannarými.<sup>4</sup> Svo virðist vera, að algengast sé að taggið sé litið hornauga. Taggarar fá þá helst að heyra það óþvegið og er taggið kallað skemmdarverk af stórum hópi fólks.<sup>5</sup> Verkefnisstjóri menningarsviðs hjá Hinu Húsinu segir muninn á graffi og taggi vera

---

<sup>1</sup> Valdimar Tr. Hafstein. Graffítí: List á röngum stað, 2003, 8.

<sup>2</sup> Valdimar Tr. Hafstein. Graffítí: List á röngum stað, 2003, 8.

<sup>3</sup> Valdimar Tr. Hafstein. Graffítí: List á röngum stað, 2003, 8.

<sup>4</sup> The City of Houston. *Wiping Out Graffiti in Houston*.

<sup>5</sup> Skemmdarverk eða list?, 2005, 36.

eftirfarandi: „„Graffarar“ úða af listfengi og faglegum metnaði og þeim má ekki rugla saman við svokallaða „taggara“, sem eru yngri og tússa eða úða „lógóin“ sín, yfirleitt viðvaningslega, út um allt og valda oft miklum eignaspjöllum.“<sup>6</sup>

Tögg eru yfirleitt frekar einföld útlits og gjarnan er auðveldara að lesa þau en flóknara graff, en taggið inniheldur yfirleitt aðeins letur, allt frá skammstöfun eða „listamannanafni“ taggarans til skoðana eða pólitískrar ádeilu. Dæmi um tagg væri: Siggi + Lára.<sup>7</sup> Nokkuð öruggt er að þeir sem áhuga hafa á graffi byrji að tagga og að þar fái graffarar tilfinninguna fyrir brúsanum og undirlaginu, aðferðinni og eigin stílbragði. Með reynslunni fer gjörningurinn úr því að verða aðeins einfalt tagg og í það að verða efnismeira og flóknara graff.<sup>8</sup>

Graff og tagg eru ólöglegur gjörningur hér á landi, þar sem að þeir sem það stunda eru annaðhvort að graffa/tagga á flöt sem er í einkaeign eða tilheyra almannarými – og graffararnir hafa ekki leyfi til þess að breyta þessu almannarými eftir eigin smekk eða óskum. Ef graffarinn er hinsvegar fenginn til þess að graffa á einkaeign er graffið löglegt. Það sama gildir um svokallaða leyfisveggi sem borgin lætur gröffurum í té.<sup>9</sup> Þá má velta fyrir sér hvaða graffarar það eru sem mega mála á vegginn – einhver útvalinn eða hver sem er?

Bannað er með lögum að graffa á veggri aðra en þína eigin. Frá því að grein Valdimars kom út þá hefur orðið breyting á þessu, en farið verður dýpra á saumana á því í sjötta kafla þar sem fjallað er um graff sem ólöglegt athæfi.

Hér er mikilvægt að minnst á að Valdimar talar um í ofanefndri grein sinni um ráðagerðir (e. strategies) og undanbrögð (e. tactics). Þetta eru hugtök sem hann tekur frá franska fræðimanninum Michel de Certeau og má lesa um í bók hans *The Practice of Everyday Life*. Hugtökin útskýra fyrir okkur hvernig fólk umgengst til að mynda borgarrýmið og breytir því, eða með öðrum orðum er ákveðnum ráðagerðum hrint í framkvæmd af þeim sem hafa stjórnartauminn en ráðagerðina má jafnan beita ákveðnum undanbrögðum.<sup>10</sup> Graff er mjög gott dæmi um undanbrögð því þeir sem sitja við stjórnvölin ráðgera aldrei sem svo (eða mjög sjaldan) að graff eigi að vera á ákveðnum bygginum eða gangstéttum í borginni eða bænum. Umræðan litast að því að graff er undanbragð og þannig sífellt í mótun – og ávallt á

---

<sup>6</sup> Valdimar Tr. Hafstein. Graffítí: List á röngum stað, 2003, 9.

<sup>7</sup> Skemmdarverk eða list?, 2005, 36.

<sup>8</sup> Viðtal 2 (19. október 2014). Viðtal höfundar við Kiddo.

<sup>9</sup> Viðtal 1 (17. október 2014). Viðtal höfundar við Söru Riel.

<sup>10</sup> De Certeau, *The Practice of Everyday life*, 6-37.

skjön við það sem lagt er upp með af þeim sem hafa vald til að ákveða og stjórna útliti borgarrýmisins. Graff er þá alltaf pólitískt því það grefur undan ráðagerðinni og má í því samhengi nefna það að graffarar eru oft kallaðir jaðarlistamenn eða veggjakrotarar. Umræðan hefur þó þróast í þá áttina að nú eru graffarar einnig kallaðir einfaldlega listamenn eða veggjalistamenn. Ákveðnum veggjum í borgarrýminu hefur þá verið úthlutað til þeirra. Þá má spyrja hvort þeir séu ekki lengur á jaðrinum ef þeir eru farnir að skreyta veggjum sem leyfilegt er að graffa á? Þar með er athæfið orðið löglegt og hluti af ráðagerð yfirvaldsins. Í grein Valdimars er þetta rætt:

Þannig er farið að vísa til leyfilegs graffs sem listaverka, en óleyfilegt graff heitir áfram skemmdarverk. Einhvern tímann hefði sjálfsagt talist til tíðinda að borgarstjórn, með fulltingi hreinsunardeildar gatnamálastjóra, hefði tekið að sér að skilgreina list. Með þessu eru borgaryfirvöld þó einfaldlega að beita öllum tiltækum ráðum til að ná stjórn á rými borgarinnar og koma þar á röð og reglu. Í því skyni geta þau beitt sér með tvennu móti: Annars vegar með því að afmá leyfislausar merkingar á röngum stöðum, hins vegar með því að endurskilgreina suma veggjum sem rétta staði fyrir graff. Þannig henda borgaryfirvöld reiður á óreiðunni og koma aftur reglu á hlutina. Í liststimplinum felst sem sé viðurkenning á gildi þeirra veggmerkinga sem lúta reglunum.<sup>11</sup>

En hvernig blasir þetta við veggjalistamanninum sjálfum? Hans hegðun og viðbrögð eru lituð af sjónarhorni graffarans þar sem undanbrögðin eru lærð hegðun og partur af athæfinu – eitthvað sem hann hefur lært sjálfur en fyrst og fremst af öðrum í gegnum samstarf eða samræðu. Þetta kom fram í öllum þeim viðtölum sem að ég á við graffara. Viðmælandi minn, Kiddo, sagði þá til að mynda:

Ég þekki þennan leik það vel, ég kann hann það vel. Eins og ferðin í sumar, frá því að ég fór frá Íslandi þá lenti ég aldrei í löggunni. Það er ótrúlegt. Sérstaklega ég og Dust [annar graffari] í útlöndum á fylleríu þýðir að við verðum handteknir sko. Í sjö mánuðir, aldrei! [aldrei gómaðir af lögreglunni við það að graffa].<sup>12</sup>

Að þessu sögðu má ekki gleyma því að graff er ekki einungis það sem við sjáum á ferðum okkar um borgina – málað á veggina. Graff er partur af ákveðinni jaðarmenningu þar sem einnig má horfa til graffaranna sjálfra, þeirra hugmyndafræði og þeirrar merkingu sem þeir sjálfir setja í verknaðinn.

---

<sup>11</sup> Valdimar Tr. Hafstein. Graffítí: List á röngum stað, 2003, 8.

<sup>12</sup> Viðtal 2 (19. október 2014). Viðtal höfundar við Kiddo.

## 2. Graffið ryður sér til rúms

Upprunalega er orðið graffítí úr latnesku. Orðið sjálft er fleirtölumynd af orðinu *graffito* sem þýðir ristun eða áletrun.<sup>13</sup> Upphaflega var graff ristað eða áletrað á yfirborð eða undirlag. Það á þó einnig við um það þegar spreypjað er eða málað á fleti. Orðið *graffito* kemur þó frá gríska orðinu *graphein*, sem þýðir einfaldlega að skrifa.<sup>14</sup>

Í dag má líta á graffítí sem afar útbreidda hversdagsmenningu. Hún er partur af raunveruleika margra í heiminum þegar þeir ferðast um borg og bæ. Graffið á sér langa sögu. Í grínmyndinni *Monty Python's Life of Brian* sjáum við mann graffa pólítískan áróður á vegg gegn Rómverjum, en myndin á að gerast á dögum Jesú Krists.<sup>15</sup> Myndin er vissulega gamanmynd en þó ekki svo fjarri raunveruleikanum því graff má rekja allt til Pompeii á Ítalíu sem grófst í ösku 79 árum eftir kristsburð. Íbúar Pompeii komu einnig á framfæri skilaboðum í gegnum graff þar sem þeir auglýstu fréttir, skoðanir og háðsglósur.<sup>16</sup> Að því komust fræðimenn og fornleifafræðingar þegar rannsóknir hófust í rústum Pompeii 79 árum eftir burð kristis.<sup>17</sup> Það var árið 1851 sem að fyrst var talað um graff sem „graffítí“, og allar götur síðan hefur verið talað um þetta athæfi sem graffítí.<sup>18</sup>

Fornlíffræðingurinn Dale Guthrie hefur greint þúsundir hella og eru þeir elstu allt að þrjátíu og fimm þúsund ára gamlir. Guthrie fann myndir af stórum dýrum eins og hestum, fjallageitum, vísundum og krónhjörtum. Það sýnir okkur það að forfeður okkar hafi verið að mála það sem var í gangi í samfélaginu á þeim tíma, að sögn Guthrie. Ástæðan fyrir því segir hann vera að mörg verkanna voru máluð þannig að spjót og blóð var partur af heildarmyndinni. Einnig talar Guthrie um hversu óalgengt það væri að kvenkynið var að mála myndir. Ef kvenkynið hinsvegar var að mála myndirnar þá sagðist Guthrie geta séð það á því að línurnar voru mun fínni á alla kanta. Einnig var karlkynið mikið að teikna upp konur og þá voru þær nánast undantekningarlaust án klæða.<sup>19</sup>

---

<sup>13</sup> Valdimar Tr. Hafstein. Graffítí: List á röngum stað, 2003, 8.

<sup>14</sup> Ouzman, *Graffiti as art(e)fact: Contemporary archaeology*, 3.

<sup>15</sup> Goldstone og Jones, *Life of Brian*.

<sup>16</sup> Dermakardijian, *Beyond "A Good Bathroom Read"*, 3.

<sup>17</sup> Valdimar Tr. Hafstein. Graffítí: List á röngum stað, 2003, 8.

<sup>18</sup> Phillips, *Wallbangin': Graffiti and Gangs in L.A.*, 19.

<sup>19</sup> Carey, *Ancient Cave Art Full of Teenage Graffiti*, 2006.

Þetta endurspeglast einnig í graffheiminum í dag, það er að segja að fólk fjalli um þau samfélagsmál sem brennur á því með graffi eða taggi það sem að er í gangi í samfélaginu á þeirra tíma. Umhverfið og samfélagið hefur áhrif á graffarana og þess vegna sjáum við mun á stílum graffara hér á landi og þeirra sem graffa erlendis. Ennfremur er hægt að segja að stíllinn sé mismunandi milli hverfa innan sömu borgarinnar. Benda má á að við komumst að sömu niðurstöðu og Guthrie þegar litið er til kynjahlutfallsins. Það eru mun fleiri strákar en stelpur sem eru virk í graff-senunni hér á landi og einnig víðast hvar erlendis. Graffarinn og listakonan Sara Riel tekur í sama streng en hún segir graff-senuna vera „algjöran strákaheim“.<sup>20</sup>

Jafnvel þó að graffið eigi sér langa sögu fór það fyrst að ryðja sér almennilega til rúms á seinni hluta 20. aldar og setja mjög sterkan svip á borgarrýmið. Þá má halda því fram að uppruna graffsins sé hægt að rekja til Bandaríkjanna, nánar tiltekið til Bronx í New York. Graffið hefur þar verið í félagsskap með hip-hop tónlist og -tísku, einnig jaðaríþróttum líkt og hjólabrettaástundun. Það má jafnvel sjá það sem ákveðið jaðarsport eins og hjólabrettaiðkunina. Graffið upphófst þá á taggi og er talið að það hafi verið þeir Cornbread og Cool Earl sem hafi byrjað að láta boltann rúlla.<sup>21</sup>

Cornbread er upprunalega frá Philadelphia í Bandaríkjunum. Hann ferðaðist um víða veröld, þar á meðal til Lettlands, Afríku, Japan og síðan víða um Evrópu og taggaði þar. Cornbread segir frá sér í stuttu máli í heimildarmyndinni *Bomb It*, þar talar hann um þegar hann var ungur að byrja að skrifa eða tagga „Cornbread“ út um allt og þaðan hafi hann síðan tekið nafnið upp sem götulistanafn. Hann gerði sér síðan ekki grein fyrir því hversu umtalaður hann var fyrr en hann fór í fangelsi og heyrði þar að nafnið Cornbread væri á milli tannanna á fólki. Þá áttaði Darryl McCray – sem er hið rétta nafn Cornbread – sig á því að ef það væri verið að tala um hann í fangelsinu þá væri hann líka umtalaður úti á götum borgarinnar. Í heimildarmyndinni *Bomb It*, orðar hann þetta sem svo: „The more they talk the more I wrote, the more they talk the more I wrote.“<sup>22</sup>

TAKI 183 er grískur og heitir réttu nafni Demetraki. Talan 183 er einfaldlega númerið á húsinu sem hann bjó í. Með því að stytta nafn Demetraki og bæta húsanúmerinu við kom út

---

<sup>20</sup> Viðtal 1 (17. október 2014). Viðtal við Söru Riel.

<sup>21</sup> White, *From Primitive to Integral: The Evolution of Graffiti Art*, 4.

<sup>22</sup> Jon Reiss, *Bomb It*.

nafnið TAKI 183.<sup>23</sup> Það var á árunum 1960-1970 sem íbúar New York sáu tögginn hans út um alla borg. TAKI 183 varð þekktur meðal borgarbúa New York og síðar öðlaðist hann frægð víðs vegar um heiminn. Ein helsta ástæðan fyrir því er sú að árið 1971 þann 21. júlí þá var skrifuð heilsíðu grein í tímaritinu *New York Times* um Taki 183.<sup>24</sup> Á þessum tíma var mikil tagg-menning að skjóta upp kollinum og þróaðist hún hratt. Það gerðist bæði með mikilli umfjöllun um þessa brautryðjendur sem og athyglinni sem fólk veitti tagginu sjálfu – en þessi mikla umfjöllun gerði það síðan að verkum að enn fleiri fóru að tagga og stunda graffiti.<sup>25</sup> Örfáum árum seinna þandist graff-senan verulega út og mismunandi stílar tóku að þróast, taggið breyttist í svokallaðar *bombur* sem breyttust síðan í *throw up* sem varð að *wild style*. Um þessa mismunandi stíla verður nánar skrifað um hér í næsta kafla.

Fleiri og fleiri graff-gengi (e. crew) spruttu upp og gengin urðu að sama skapi stærri og stærri – ný gengi og ólík gengi komu fram á sjónarsviðið. Á árunum 1980 og 1985 hurfu þó margir á brott úr graff-senunni og voru helstu ástæðurnar fyrir því að ríkið eða yfirvaldið tóku að *buffa* verkin – það er að segja: að mála yfir þau. Þeim mun styttri tíma sem að verkin fengu að vera uppi þeim mun minni þolinmæði og áhuga höfðu graffararnir á því að búa þau til. Sumir vilja einnig tengja þetta við þá sprengingu sem að varð á eiturlyfjamarkaðinum á götum New York á sama tíma. Þeir sem að stunduðu sín viðskipti með einum eða öðrum hætti á götunni voru orðnir vopnaðir og andrúmsloftið orðið allt annað og mun hættulegra.<sup>26</sup> Þá var mikil aukning í því að graffa á lestar ,sem enn í dag er mjög vinsælt – enda er mikil virðing borin fyrir þeim sem stunda lestargraff. Ástæðurnar fyrir því er afar einföld, það er mun meira eftirlit með lestargraffi og tekið er hart á þeim sem staðnir eru að verki.<sup>27</sup> Síðan þá hefur þróunin í graffinu verið hröð og mikil og eru mörg þeirra verka sem við sjáum í dag mjög tæknilega góð – verk sem við hefðum ekki getað séð hér áður fyrr. Fevor, sem er einn af viðmælendum mínum og meðlimur í HNP genginu (eitt af tveimur stærstu graff gengum Íslands) segir mér að ástæðan fyrir því sé afar einföld. Í dag eru graffarar hreinlega alltaf sprejandi. Brúsarnir og tapparnir hafa þróast og tæknilega séð er auðveldara að meðhöndla þá. Almennur áhugi og fleiri graffarar gera það einnig að verkum að graffarar þurfa í sífellu

---

<sup>23</sup> Halle, *Graffiti art: A brief history of the controversial form*, 2013.

<sup>24</sup> Taki 183' Spawns Pen Pal. 37.

<sup>25</sup> @149st, *History Part One*, 2009.

<sup>26</sup> Eric, *History of Graffiti Pt 1*, 1998.

<sup>27</sup> Viðtal 2 (19. október 2014). Viðtal höfundar við Kiddo.

að þróa stíl sinn og bæta sig sem listamenn.<sup>28</sup> Einnig hafa verkin verið að stækka og sjáum við oft á tíðum jafnvel stóra og stæðilega húsgafla skreytta frá toppi og niður á gangstétt.

---

<sup>28</sup> Viðtal 3 (29. október 2014). Viðtal höfundar við Fevor.

### 3. Graffiti: týpur og stílar

Graff er mjög fjölbreytt. Það er til mikið af mismunandi stílum og týpum af graffi. Hér verður graffið í borgarrýminu skoðað í sinni fjölbreyttustu mynd til að sýna hversu stór graff-senan er þegar hún er virkilega skoðuð til hlítar. Graff er eins og hver önnur list með sína stíla og týpur. Hér verður stiklað á þeim sem sem ég sjálfur hef orðið hvað mest var við bæði hérlandis sem og erlendis, og þá sérstaklega í Reykjavík á Íslandi og svo á Torrevieja á Spáni.

#### 3.1 Týpur

Tagg – Það má með sanni segja að tagg hafi tilheyrt graffi allt frá byrjun og sé jafnvel fyrsti vísirinn að graffinu eins og það birtist okkur í sinni fjölbreyttustu mynd í dag. Í dag er taggmenningin ekki eins „hörð“ og hér áður fyrr. Það sem að ég á við með „hörð“ er að nú eru graffarar frekar að standa saman – þeir á móti yfirvaldinu. Um leið er minna um að þeir eigi í stríði sín á milli. Ástæðan er sú að yfirvaldið leitast gjarnan við að mála yfir verkin þeirra. Þar af leiðandi er farið „út að tagga“ því það kemst næst skemmdarverki. Þetta er þá mun frekar gert heldur en að graffarar séu að graffa yfir verk hver hjá öðrum.<sup>29</sup> Oft er tagg gert með penna og er sá sem gerir taggið að henda upp „nickinu“ sínu eða stuttum setningum. Það er þó alls ekki alltaf raunin því af og til verður maður vitni að öðruvísi taggi, svo sem brosköllum eða litlum fígúrum, eins konar merkjum eða lógóum graffarans.



Mynd 1. „Tagg“: SPKS CREW

Yfirleitt er hið svokallaða „bombing“ gert á samgöngutæki eins og lestar, rútur og flutningabíla. Þeir sem að fara út að „bomba“ þurfa að hafa hraðar hendur og eru oftast en ekki

---

<sup>29</sup> Viðtal 2 (19. október 2014). Viðtal höfundar við Kiddo.



að hugsa um magn frekar en gæði. Ástæðan fyrir því er einföld: að láta taka eftir sér, láta sjást að graffarinn sé virkur.<sup>30</sup>



Mynd 2. „Bomba“: VAMP

„Writing“ er sú týpa af graffi sem að flestir sjá fyrir sér þegar þeir heyra orðið graffíti. Oft á tíðum getur reynst erfitt að lesa úr skriftinni. Til eru margir stílar í skriftargraffi og mun ég fara betur í þá hér að neðan.



Mynd 3. „Writing“: REGIN

„Scratching“ eða rispun er í raun og veru viðbót við graffið eins og við þekkjum það og er gert með því að rista í yfirborð. Algengast er að sjá þetta afbrigði á rúðum í samgöngutækjum eins og strætisvögnum og lestum. Þó svo að við verðum einnig vör við að „scratchið“ sé gert í timbur.

---

<sup>30</sup> Pray, *Infamy*.



Mynd 4. „Rispun“.

Týpunar eru miðaðar við hvernig graffið er framkvæmt, á hverskonar flöt og hvaða áhöldum er beitt, eins og til dæmis pennum, spreyi eða nagla.

### 3.2 Stílar

Á meðan týpunar miðast að miklu leyti við efni, undirlag, aðferðir og verkfæri eru stílnir fagurfræðilegri. Þá má greina á útliti og stílnum sem er notaður við hönnun þess. „Throw up“ er líklegast auðveldasti stíllinn, en hann nýta þeir sem að eru að taka sín fyrstu skref að graffa og vilja fá tilfinningu fyrir leiknum og áhöldunum. Þá eru gæðin ekki aðalatriðið heldur það að vera fljót/ur að koma verkinu frá sér á sem skemmstum tíma. Eins og nafnið gefur til kynna þá er graffarinn í raun og veru að kasta verkinu frá sér – „Boom, done, i’m gone.“<sup>31</sup> Einkenni þessa stíls eru bogadregnir stafir.



Mynd 5. „Throw up“: BATES

---

<sup>31</sup> Viðtal 2 (19. október 2014). Viðtal höfundar við Kiddo.

„Blockbusters“ er talinn vera einn af auðveldari stílunum í graffi. Höfuðborg þessa stíls er Los Angeles í Bandaríkjunum. Stíllinn einkennist af stórum og víðum stöfum sem yfirleitt eru aðeins í einum lit.



Mynd 6 – „Blockbusters“: Mistilt.

Innan „Character“ stílsins eru margir stílar á borð við „anime“, „metal“ fígúrir allskonar og þær „comic hetjur“ eða myndasöguhetur sem að mörg okkar þekkja úr vestrænni dægurmenningu. Ekki er óalgengt að við sjáum þrýstna barma og stóra rassa á kvenkyns karakterum. Það er einnig orðið algengara að við sjáum karaktera notaða með stærri verkum og þannig er brotið upp það sem að hingað til hefur verið talið hefðbundið.



Mynd 7. „Character“. Verk eftir Arnór Kára í portinu á Prikinu.

Í „Bubble graffiti“ eru allir stafirnir sápukululagaðir, eins og þeir séu að bíða eftir að springa. Þessi stíll er mjög vinsæll meðal yngri graffara og þeirra sem að eru að byrja.



Mynd 8 . „Bubble-graffiti“: COPE

3D graff – hér sérðu graffið í þremur víddum. Þetta er ekki á valdi hvers og eins. Þessi stíll kemur frá Daim sem að var í einu stærsta graffgengi heims, FX Cru. Þessi stíll hefur oft á tíðum dúkkað upp á síðum veraldarvefsins. Þessi verk eru oftast en ekki í stærri kantinum. Algengt er að sjá þessi verk á göngugötum og á akbrautum.<sup>32</sup>



Mynd 9. „3D graff“. Verk eftir Ítalann Manuel De Rita.

---

<sup>32</sup> International Exhibition of Calligraphy, *Kinds and styles of Graffiti*, 2014.



Mynd 10. „3D graff“. Verk í Póllandi, höfundur óþekktur.



Mynd 11. „3D graff“. Verk unnið af Planet Street Painting fyrir Sarasota festival.

## 4. Öflun heimilda

Hér í þessum kafla mun ég fara yfir það hvernig öflun heimilda fór fram. Einnig mun ég skrifa um hvaða aðferðum ég beitti við öflun þeirra og ástæður þess að ég ákvað að beita þeim aðferðum frekar en öðrum. Til að byrja með þá kviknaði áhugi minn þegar ég sat námskeiðið *Þjóðfræði samtímans* í þjóðfræði vorið 2014 við Háskóla Íslands. Það mætti með sanni segja að þar hafi undirbúningur fyrir ritgerð þessa byrjað. Áhugi minn á graffi hefur ávallt verið mikill þó svo að ég hafði aldrei verið að spreypja sjálfur. Þegar verkefnin í þjóðfræði samtímans fóru að verða fleiri og fleiri sá ég sífellt skýrar hvað það var sem að mér fannst áhugaverðast við þjóðfræði samtímans. Það var graffið. Ekki leið á löngu þar til ég hafði náð hámarksfjölda þeirra dæma sem safna mátti um graff í námskeiðinu. Ég hélt áfram að safna myndum af graffi sem prýðir veggum borgarinnar þó svo að ég gæti ekki notað þau til verkefnaskila í námskeiðinu. Þar mætti því segja að öflun heimilda hafi byrjað fyrir vísit. Í sumar tók ég svo útvarpsnámskeið á vegum HÍ og Rásar 2. Þátturinn sem ég skilaði af mér var um graff og nokkuð augljóst hvert stefnan lá í þjóðfræðinámi mínu. Ég byrjaði á því að hafa samband við þá graffara sem að ég þekkti, bæði þá sem að enn voru í leiknum (graffinu) og þá sem að einungis fylgdust með af áhuga.

Ísland er lítið land og fljótlega var ég búinn að fá ábendingu um virka graffara sem ég sendi svo skilaboð á *Facebook*. Svárið var eftirfarandi: „Já, ekkert mál, enginn með þessi málefni jafn mikið á hreinu og ég.“ Kiddo, eins og hann skrifar undir flest af sínum verkum í dag, tók vel á móti mér í heimahúsi þegar við hittumst til að ræða graff. Kiddo er Reykvíkingur á þrítugsaldri. Hann er í RWS genginu (e. crew) og sagði hann mér frá upphafi RWS. „Það var þannig að við ákváðum að sameina nokkur crew því við vissum að við yrðum sterkari sem ein heild með því.“<sup>33</sup> Um nafnið RWS segir Kiddo að stafirnir séu handahófskenndir og hafi í raun ekki þýtt neitt ákveðið í upphafi. RWS tók hinsvegar að standa fyrir Rolling With Shippaint, því ávallt var og er málað með skipamálningu, í bland við spreypbrúsamálningu. Fleiri þýðingar hafa skotið upp kollinum í gegnum tíðina á RWS eins og: ruff writers, reading while showering og Reykjavík Wild Side sem er nafnið á bakvið skammstöfunina í dag. Næsti viðmælandi minn, Sara Riel bauð mér einnig í spjall heim til

---

<sup>33</sup> Viðtal 2 (19. október 2014). Viðtal höfundar við Kiddo.

sín. Þar var mikið rætt, ritað og fræðst. Sara er listamaður með mikla þekkingu á leiknum og áralanga reynslu. Hún hefur lokið listnámi hérlendis sem og erlendis, þar sem hún kynntist graffinu vel. Einnig tók ég viðtal við afar virkan graffara að nafni Fevor sem er í HNP-genginu og síðan má nefna fjórða viðmælanda minn sem tekur aðeins af og til í brúsann. Fevor er hins vegar rétt rúmlega tvítugur Reykvíkingur sem gengur í myndlistarskóla. Delluna fékk hann í Barcelona þegar hann bjó þar um tíma. Hann myndi flokkast sem þessi dæmigerði graffari því hans bakgrunnur kemur frá jaðariþróttum á borð við snjóþretti og hjólabretti. Ástæðan fyrir því að ég vildi tala við þetta fólk er sú að þau eru ekki öll á „sama stað“ í graffinu. Þau eru misvirk og Sara Riel er auk þess virt myndlistarkona og er með annað bakland en hinir viðmælendur mínir. Öll viðtölin áttu það sameiginlegt að endurspegla brennandi ástríðu fyrir graffinu og leiknum í heild sinni – en gjarnan töluðu viðmælendur mínir um það að graffa og taka þátt í graffsenunni sem leik. Þá var rætt um ástríðuna eða þörfina til að skapa list á einn eða annan hátt og hvernig list er tjáð.

Við þessi fjögur viðtöl beitti ég eigindlegum rannsóknaraðferðum. Ástæðan fyrir því að ég beitti þeirri aðferð er að sú að eiginlegar rannsóknaraðferðir bjóða upp á opin viðtöl og þátttökuathugun. Opnu viðtölin gefa rannsakanda tækifæri á að hitta viðmælanda sinn persónulega og mynda tengsl við hann sem hentaði mér betur en að senda honum til að mynda spurningalista. Ég tel að eigindlega aðferðin geti varpað betur ljósi á það sem að ég er að leita að því hún býður upp á mun meiri dýpt í viðtölunum. Öll viðtölin sem að ég tók voru í kringum klukkustundarlöng. Opnu viðtölin juku verulega á skilning minn sem rannsakanda og ögruðu fyrirframgefnum hugmyndum mínum um graffheiminn. Viðtölin voru þá ekki niðurnjörvuð í ákveðið far heldur gat viðmælandi og rannsakandi leyft sér að fara úr einu í annað, sem oft á tíðum reyndist mér afar nytsamlegt. Í framhaldi af viðtölunum var mér þá gjarnan bent á að hafa samband við þennan og hinn sem gæti nýst mér vel við skrifin. Aðilar sem að ég hafði ekki hugmynd um að væru inni í graffheiminum hjálpuðu mér þá einnig að skilja graffsenuna betur. Þá var mér í kjölfarið boðið í grafferðir. Þær ferðir urðu nokkrar og margfaldaðist áhugi minn á athæfinu til muna við að fara í slíkar ferðir. Ég kys að kalla þessar ferðir þátttökuathuganir og eru ástæðurnar fyrir því tvær. Sú fyrsta er sú að þetta voru bókstaflega þátttökuathuganir – þar sem að ég leitaðist við að upplifa það að graffa á eigin skinni – en sú seinni var sú að ef til vandræða kæmi þá væri ég vonandi stikkfrí þar sem ég var að rannsaka athæfið – eða hvað? Mér fannst að minnsta kosti öruggara að vera með einhverja afsökun fyrir viðveru minni á vettvangi.

Þátttökuathuganir gera að mörgu leyti það sama fyrir mig sem rannsakanda og opnu viðtölin fyrir utan það að nú fékk ég að upplifa það að graffa. Það er að mínu mati algjörlega

ómetanlegt þegar upp er staðið. Tilfinningin þegar graffarinn er að spreypja og heyrir útundan sér mannamál, fótgang eða bíla keyra framhjá er spennuþrungin. Það kom mér virkilega á óvart hversu mikið það að graffa reynir á skynfærin og þá sérstaklega eyrun. Ég gengdi mismunandi hlutverki í hverri einustu þátttökuathugun allt frá því að vera nemi að afla mér upplýsinga, að vera á varðbergi (e. lookout) og svo einnig að fá að mála og spreypja sjálfur. Þegar ég graffaði fyrst gerði undarleg tilfinning vart við sig. Sú tilfinning varð í raun að hvata til að gera meira, stærra og flottara. Mér fannst hún ríma við þá þróun sem hefur átt sér stað undanfarin áratug í graffinu – þar sem verkunum fjölga og verða þau sífellt glæsilegri.

Öll viðtölin eru skráð niður orðrétt. Því næst voru gögnin lesin vel yfir í leit að áhugaverðum og nothæfum þeimum og flokkum sem ég taldi vera nothæf í ritgerðina. Þessi greining kallast opin kóðun, sem er ein af þeim greiningaraðferðum sem hægt er að notast við í eigindlegri rannsókn.<sup>34</sup> Aðalástæðan fyrir því að þessari aðferð var beitt er að mér þykir þægilegt að geta lesið yfir kóðunina aftur og aftur og þá er einnig auðveldara að fletta upp í skjölunum.

Þær þátttökuathuganir sem ég tók þátt í voru allt í allt sjö talsins. Ég ákvað hinsvegar að velja þrjár til að skrifa um því þær eru allar frábrugðnar hver annarri. Einnig tók ég þá ákvörðun um að segja frá hverri þátttökuathugun fyrir sig í stað þess að blanda þeim öllum saman í einn kafla. Ástæðan fyrir því er sú að ég tel það gera lesturinn skilvirkari og skemmtilegri. Lesandinn fær að vita hvernig ólöglega athæfið að graffa fer fram nánast frá upphafi til enda. Þá má minnast á það að margar sögur eru mér sagðar í þessum ferðum og koma sumar þeirra fram í þátttökuathugunum.

Sögurnar sem graffararnir segja og spennan sem fylgir því að graffa minna á þær aðstæður sem Timothy Tangherlini lýsir í skrifum sínum um sjúkraflutningamenn í Bandaríkjunum og þær aðferðir sem sú starfsstétt beitir til að deila reynslu sinni, uppfræða samstarfsmenn og gefa ráð til að höndla erfiðar aðstæður og spennu.<sup>35</sup> Tangherlini talar um að á milli þess sem að sjúkraflutningamennirnir eru að sinna útköllum þá ganga þeirra á milli ófáar sögurnar og með þeim deila þeir fróðleik, ráðum og gríni. Það varð einmitt raunin þegar ég fór í mínar þátttökuathuganir. Þar flaug hver fiskisagan á fætur annarri og minnti mig óneitanlega á grein Tangherlini. Farið var yfir allt frá undirbúningi, framkvæmd og að koma

---

<sup>34</sup> Creswell, *Qualitative inquiry & research design*, 56-57.

<sup>35</sup> Tangherlini. *Heroes and Lies: Storytelling tactics among Paramedics*. 43



sér í burtu af staðnum þar sem nýbúið var að fleygja upp fersku verki, ef til vandræða skyldi koma. Semsagt allir þættirnir sem að Tangherlini nefnir áttu sér stað í öllum þeim þátttökuathugunum sem ég fór í. Þó svo að undirritaður hafi farið með mismunandi aðilum þá komu ávallt öll atriðin fram.

#### 4.1 Þátttökuathugun 1

Þegar ég fór í þátttökuathugun með Kiddo fann ég að það spilaði stóra rullu fyrir mig að komast í snertingu við upplifunina að graffa. Það er samt ekki eins og maður sé með hjartað í buxunum heldur er þetta mun nær því að vera með smá kitl – því þú veist að þú ert að fremja athæfi sem er ólöglegt. Þar af leiðandi vekur þetta líkamann og hugann ef maður var þreyttur og fékk mann til að vera á tánum. Því má segja að athæfið sé allt að því örvandi. Fyrst þegar ég var að fylgjast með eða að „spotta“ (e. lookout) þá leið mér afar vel og var afslappaður. Ég átti þá að láta vita með góðum fyrirvara ef að bílar voru að aka hjá. Það var hinsvegar ekki lengi að breytast því þegar ég tók mér rúllu í hönd og fór að fylla inn í skyggingarnar þá fann ég að spennuna magnast. Ég vissi að nú gæti ég verið staðinn að verki. Það sem ég hafði ekki áttað mig á áður var að það að graffa reynir á heyrnina og að graffarar eru alltaf á varðbergi. Við hættum að mála um leið og við heyrðum eða sáum bíl nálgast og færðum okkur þá í skuggann. Við vorum tæpan klukkutíma að verkinu sem var mjög hrátt. Ástæðan fyrir því að við „bombuðum“ á þennan vegg var sú að Kiddo ákvað að gera stærra og flottara verk yfir annað verk, en eins og fram kemur í tveimur fyrstu viðtölunum mínum þá er það að „krossa annan“ álitid vera „diss“ – það er að segja að mála yfir verk eftir annan graffara. Ef nýja verkið er hins vegar stærra og flottara þá er það samþykktara þó svo að í raun og veru er það aldrei vel liðið. Þá verður að gæta þess að gamla verkið sjáist ekki í gegn því þá er graffarinn ekki að „spila“ leikinn rétt og kallar þar af leiðandi á vesen.<sup>36</sup> Kiddo sagði að hann ætlaði að bomba yfir þetta verk til þess að sýna Belch – graffaranum sem gerði gamla verkið – að hann væri á tánum en það var Belch sem „krossaði“ gamla verkið hans Kiddo út á þessum sama stað, en það hafði þá staðið þar í rúm fimm ár. „Ég ætla gera stærra og ég ætla yfir hann,“<sup>37</sup> sagði Goodkid eins og Kiddo kallaði sig á þeim tíma. Á meðan verkið hér að neðan (sjá mynd 12) var í vinnslu spurði ég hvort það væri alltaf svona rólegt þegar verið er að graffa. Þá sagði

---

<sup>36</sup> Viðtal 1 (17. október 2014). Viðtal við Söru Riel.

<sup>37</sup> Viðtal 2 (19. október 2014). Viðtal höfundar við Kiddo.

Kiddo mér sögu af vini sínum sem sprejjar á lestar í Litháen og hefur gert í ellefu ár. Þar var graffari sem lenti í því að vera tekinn við lestargraff. Hann var handjárnaður við ofn í heilan sólarhring og litháenskir lestarverðir létu högginn dynja á honum. Þeir sögðu við hann að hann ætti ekki að koma til „okkar lands og mála á okkar lestar“.<sup>38</sup> Einnig sagði Kiddo mér frá því þegar hann fór með þessum litháenska félagu sínum að mála lestar, þá náðu þeir að hlaupa í burtu og hentu öllu frá sér á leiðinni. Þeir voru nokkrir saman og einn af þeim var laminn með kylfu í hnéd þannig hann átti erfitt með að hlaupa en komst þó undan. Þeir snéru peysum sínum við, tóku af sér húfur og hettur. Náðu síðan aftur í brúsana og kláruðu verkið.



Mynd 12. UGLYBOYS: Verk eftir Kiddo.

#### 4.2 Þátttökuathugun 2

Næsta þátttökuathugun var frábrugðnari þeirri fyrri að því leiti að þá voru graffararnir öðruvísi búnir en þegar ég fór með Kiddo. Ég var sóttur á Hverfisgötu af gröffurum sem voru á rúntinum að leita sér að stað til að graffa á. Við litum vel í kringum okkur og fórum ekki eftir neinu ákveðnu skipulagi. Það voru tveir graffarar, ökumaður og ég. Við komum við á bar, náðum okkur í bjór og lögðum svo af stað í leiðangur. Fyrsta stopp var gámur fyrir utan 365 miðla, þar var ein „throw-up“ bomba. Síðan var ferðinni heitið í Hlíðarnar en þar gerði Fevor „fill-inn“ bombu á meðan Belch gerði útlínubombu. Þegar við vorum að labba til baka í átt að bílnum þá ákváðum við að gera eitt hrátt verk sem fólk getur túlkað eftir eigin höfði. Að lokum var fleygt upp einu verki á rafmagnskassa í húsasundi á Laugaveginum.

---

<sup>38</sup> Viðtal 2 (19. október 2014). Viðtal höfundar við Kiddo.



Mynd 13. Tagg höfundar.



Mynd 14. Tagg höfundar.

Graffið í fyrri þátttökuathuguninni var gert með málningu á meðan að graffið í seinni ferðinni var gert með spreyi. Þá var rúntað og leitað að stöðum og einnig var tekin ganga um miðbæinn og leitað af góðum stöðum. Í fyrri þátttökuathuguninni var allt skiplagt í þaula og áfangastaðurinn löngu ákveðinn – enda var Kiddo þá með ákveðið útspil í huga.

### 4.3 Þátttökuathugun 3

Klukkan var að ganga tvö og þá voru allir fyrst að verða tilbúnir; komnir í réttu fötin, málningin tilbúin, brúsarnir, rúllurnar og prikið var komið í skottið á bílnum. Bíllinn var settur í gang og planið var að „lífga upp á“ Breiðholtið. Á leiðinni var hinsvegar stoppað á Grensásvegi og þar tekið eitt verk, ská á móti lögreglustöðinni. Ég neita því ekki að það er án efa skemmtilegasta verk sem að ég hef orðið vitni að. Bæði staðsetningarlega séð, og að skipuleggja viðbrögð okkar ef laganna verðir myndu verða varir við athæfi okkar. Í sömu andrá og Dust var að klára sinn part keyrði lögreglubíll framhjá og við hurfum á braut. Um það bil korteri seinna voru teknar nokkrar bombur í Breiðholtinu og eftir það var meira spilað eftir hendinni. Komið var við í Ártúnsbrekkunni og hjá bílasölunum upp á Höfða. Í þessari

ferð voru þeir með mér Kiddo og Dust, sem slá listamannanöfnun sínum gjarnan saman í eitt verk svo útkoman verði í líkindum við eftirfarandi mynd.



Mynd 15. Kiddust í Breiðholti.

Skemmtilegt atvik átti sér einmitt stað þegar Kiddo og Dust voru að mála þessa mynd. Þá labbaði framhjá okkur næturblaðberi. Dust bíður góða kvöldið og blaðberinn svarar í sömu mynt. Þá spyr Dust blaðberann hvort hann hafi nokkuð orðið var við lögregluna í hverfinu, blaðberinn kvað svo ekki vera og samskiptin urðu ekki ítarlegri eftir eitt lítið bros í kveðjuskyni frá blaðberanum. Þegar við vorum komnir í bílinn sagði Dust að þetta hefði verið æðislegt, bara að ná smá spjalli, þó svo að það sé ekki meira en bara „hæ“ og „bæ“ – þegar það er einhver sem að stendur graffarann að verki. Kiddo tók í sama streng og sagði það sé líka gaman fyrir fólk að sjá graffarana vera að graffa. Það er kannski búið að bera út í mörg ár í þessu sama hverfi og sér alltaf nýtt graff út um allt en aldrei þegar verkin eru gerð. Það sem ég fékk að kynnst í þessari ferð minni með þeim er hvað það tekur stuttan tíma að „bomba“ verkunum á vegginn. Vissulega fer það eftir undirlagi en ég gerði það að gamni mínu að taka tímann á hverju einasta verki sem gert var þetta kvöld en verkin tóku þá allt frá fjórum mínútum og það lengsta var aðeins tólf mínútur í smíðum. Þó svo að verkin hafi ekki tekið langan tíma, þá var kvöldið langt, því málað var fram á morgun. Planið var að ná mörgum stórum verkum og gekk það svo sannarlega eftir. Á meðan við vorum að ferðast á milli staða fékk ég að heyra sögur frá því að graffarnir voru í Litháen yfir sumartímamann. Þeir höfðu aldrei þurft að borga fyrir gistingu því þeir fengu ávallt að gista hjá einhverjum gröffurum. Þeirra tengiliður úti var virtur innan graffsenunar þar ytra og sá um þá. Til að mynda voru þeir í dágóðann tíma í yfirgefnu húsi sem áður hafði verið fangelsi.



Myndir 16 og 17. Fyrri myndin er á Grensásvegi þar sem að undirlagið var slétt en gámurinn er í Ártúnsbrekkunni og var töluvert erfiðara að graffa á hann.

## 5. Kenningar

Í þessum kenningarkafla verða til umfjöllunar þær kenningar sem að mér þykir hvað helst snerta á graffi í heild sinni. Þessi listi er þó ekki tæmandi. Þær kenningar sem mig langar að ræða einna helst eru þær sem að hafa veitt mér nýja sýn á viðfangefnið og aukið forvitni mína til muna.

### 5.1 „Broken Window Theory“

Hús sem að stendur autt með einn brotinn glugga á í meiri hættu að verða fyrir enn frekari skemmdum – eins og t.d. fleiri rúðubrotum – en önnur hús sem standa auð. Þessi kenning kallast „Broken window theory“ og fjallar hún um þá hugmynd okkar sem verður til þess að hlutirnir fái einskonar „skotleyfi“. Einn brotinn gluggi í húsi sýnir að viðhaldi er ekki sinnt á húsinu sem helst í hendur við að öllum sé þar af leiðandi sama um þetta ákveðna hús.<sup>39</sup> Ég hef lengi verið hrifin af kenningunni, en erfitt var að finna almennilegar heimildir fyrir þessari kenningu þeirra George L. Kelling og James Q. Wilson. Háværar gagnrýnisraddir hafa heyrst í garð kenningarinnar því niðurstöður hennar þykja ekki nægilega marktækar. Þegar James Q. Wilson var síðan spurður út í kenninguna frá blaðamanni *New York Times* þá sagði hann kenninguna í raun og veru vera tilgátu.<sup>40</sup> Tilgátuna er auðveldlega hægt að yfirfæra á graff, en þekkt aðferð til að koma í veg fyrir graff er að mála yfir það um leið og það birtist og er það aðferðin sem hreinsunardeild Reykjavíkurborgar beitti að sögn viðmælenda minna. Aðferðin virðist virka ágætlega því viðmælendur mínir sögðu einnig að þetta olli þeim gremju og kæmi í veg fyrir að þeir gröffuðu á vegginn aftur – eða eyddu að minnsta kosti ekki miklum tíma í að gera veglegt verk á þennan vegg. Líklegra væri þá að þeir töggðu á hann í hefndarskyni.

Viðmælandi minn, Fevor, tekur í sama streng og Kelling og Wilson og segir eftirfarandi; „Ég er náttúrulega ekki alveg siðlaus. Ég sprejja ekki á einkaeign, ég sprejja alveg stundum á fyrirtæki og svoleiðis en um leið og það er búið að sprejja á vegginn þá leyfi ég mér alveg að sprejja á vegginn.“ Hér sjáum við að annað graff hefur greinilega áhrif á val þeirra sem eru að graffa þegar þeir eru að svipast um eftir staðsetningu. Það fékk mig til að spyrja Fevor út í það hvernig hann velur sér staði: „Maður veit alveg hvaða veggir eru

---

<sup>39</sup> Kelling og Wilson, *Broken Windows*, 1.

<sup>40</sup> Kirchner, *Breaking Down the Broken Windows Theory*, 2004.

buffaðir [þrífir] og þá eyðir maður frekar taggi heldur en fill-inn bombu, maður reynir að fara sparlega með könnurnar, þetta er dýrt hérna, sérstaklega þegar maður er ekki í vinnu.“

## 5.2 Auðmagn

Kenningar franska heimspekingsins og félagsfræðingsins Pierre Bourdieu um *auðmagn* (e. capital) frá árinu 1986 má tengja við graff og graffara. Hugtakið auðmagn vísar óbeint til bókar Karl Marx frá 1867, *Das Kapital*. Bourdieu skilgreindi fjórar gerðir auðmagns; efnahagslegt (eins og til dæmis fjármunir, eignir, auðlindir), félagslegt (stétt, tengslanet, ættartengsl), menningarlegt (hæfileikar, kurteisisvenjur, þekking) og táknrænt (frægð, virðing, heiður, fínir titlar).<sup>41</sup> Bourdieu túlkaði þannig auðmagn sem ákveðna auðlind sem kemur einstaklingi að góðum notum í því samfélagi sem hann tilheyrir. Auðmagnið getur síðan breyst til dæmis þegar fólk öðlast nýja þekkingu, áskotnast auðævi eða myndar ný tengsl eða sterkari tengsl við hóp af fólki. Einnig má síðan nota táknrænt, félagslegt eða menningarlegt auðmagn til að öðlast efnahagslegt auðmagn; til dæmis með því að fá eftirsótt starf í gegnum ættingja, með því að búa yfir sérstakri þekkingu eða hæfileikum sem þykja eftirsóknarverðir eða fá að sinna nefndarstörfum fyrir sakir góðrar stöðu og virðingar.

Fyrsta auðmagnið af þeim fjórum sem Bourdieu skilgreinir og mig langar til að skoða er efnahagslegt auðmagn. Þegar efnahagslegt auðmagn er skoðað með „graffgleraugunum“ þá blasir við að það er ekki auðfáanlegt. Graffarar eru ekki að úða úr brúsum sínum á veggi borgarinnar fyrir peninga. Það er alls ekki raunin og tíðkast fremur sjaldan að graffarar fái borgað fyrir það sem þeir gera. Það er ekki fyrr en þeir eru búnir að skapa sér nafn, vera að lengi og vera duglegir að sækja um leyfi sem þeir fá greitt fyrir vinnu sína.<sup>42</sup> En hverju eru þeir þá að sækjast eftir ef það eru ekki peningar? Þegar graffarinn er orðinn fær og þekktur er hann jafnvel fyrst að græða það mikið á graffinu að hann getur rétt staðið undir kostnaði. Sem dæmi má nefna strákana í RWS genginu en þeir hafa verið að taka að sér verkefni og fá málningu og brúsa í staðinn. Svo kemur fyrir að það er skammtað ríflega af brúsum og

---

<sup>41</sup> Davíð Kristinsson, „Inngangur“, 14.

<sup>42</sup> Þess má geta að stundum er hægt að sækja um leyfi til að fá að graffa á ákveðna veggi og er það Reykjavíkurborg sem ræður því hvort leyfi fæst eða ekki. Ef graffari vill graffa á eigið hús þyrfti hann til að mynda að sækja um slíkt leyfi, því miður fann ég engar upplýsingar um þetta á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Heimild: Viðtal 1 (17. október 2014). Viðtal við Söru Riel.

málningu sem þeir þá njóta góðs af seinna meir.<sup>43</sup> Þegar graffarinn og listakonan Sara Riel var spurð út í það hvort að hún hefði áhuga á því að vinna við graff svaraði hún mér eftirfarandi:

Sko þetta er áhugaverð spurning, því ég þurfti að velja þessu svoltið fyrir mér þegar ég var að gera *Fjöðrina*. Hún er fyrsta borgaða verkið mitt en hún er gerð á eins máta og öll hin verkin. Það eru þessir 8-10 tímar á dag upp í þessum fokking stiga eða körfubíl og þú málar og málar þangað til þú getur ekki meira. Svo málarðu daginn eftir ef að það er gott veður. Og það er einhver svona grundvallarmunur og hann er mögulega sá að „urban art“ er „anti establishment“ og það er það sem að þú þrífst á sko, og hefur ákveðna sérstöðu. En þarna er ég byrjuð gera það nákvæmlega sama nema fyrir listastofnun. En svo á móti kemur *who cares!* Er ekki bara frábært að ég sé að gera það sem að mér þykir skemmtilegast í heimi? Ég er með 100% listrænt frelsi og þetta er ekki eitthvað fyrirtæki sem að er að fara að nota logoið til að *ampa* sér, þetta er í alvöru Listasafn Reykjavíkur. Ég er til í að vinna við að vera myndlistarmaður, ég er ekkert endilega spennt fyrir því að vera að gera *commission* fyrir alla. Ég þarf að vera með listrænt frelsi og þetta þarf að snúast um myndlist, ekki um auglýsingu. Og hérna *layerana* og mitt *praxis* og ef það er ekki skilningur fyrir því þá, *I don't need it*, þá geri ég frekar eitthvað ókeypis ein, ég er ekki til í að selja mig ódýrt en ég er til í að selja mig með virðingu og sýninni sem ég hef.<sup>44</sup>

Eins og við sjáum þá er þessari spurningu ekki auðsvarað og eflaust ekki svarað á sama hátt af neinum þeim sem að stunda það að skreyta veggi borgarinnar hvort sem það er löglega eða ólöglega.

Þegar litið er til annarra tegunda auðmagns en efnahagslegs er auðveldara að tengja þau við graffheiminn. Oft á tíðum er það félagsskapurinn sem er lykilþátturinn í því að halda gröffurum gangandi. Algennt er að þeir sem virkir eru í graffi, séu í graffgengi – þó það hljómi reyndar eins og þeir sem í því séu, séu glæpamenn, sem þeir eru ekki. Ég komst að því að gengin tvö sem ég rannsakaði eru stórir vinahópar. Fevor kom inn á þessa vináttu í viðtali mínu við hann og þegar ég spurði hvað það væri sem að héldi honum í graffinu var svarið: „Ég veit ekki hvort ég eigi að segja vinahópurinn, við spreijum alveg allir, og það er partur af því að gera þetta svona mikið, strákarnir.“<sup>45</sup> Fevor heldur síðan áfram og segir mér að ef hann myndi flytja erlendis myndi hann einnig koma sér í samband við fólk þar úti sem væri að graffa.<sup>46</sup> Í viðtali mínu við Söru Riel sagði hún mér að hún hefði farið í listnám til Berlínar og þar hefði hún kynnst eiginmanni sínum í gegnum graff. Þannig hefur félagslegt auðmagn áhrif

---

<sup>43</sup> Viðtal 2 (19. október 2014). Viðtal höfundar við Kiddo.

<sup>44</sup> Viðtal 1 (17. október 2014). Viðtal við Söru Riel.

<sup>45</sup> Viðtal 3 (29. október 2014). Viðtal höfundar við Fevor.

<sup>46</sup> Viðtal 3 (29. október 2014). Viðtal höfundar við Fevor.



á viðmælendur mína – það að graffa er nátengt því að vera í félagsskap og í samskiptum við aðra.

Þriðja auðmagnið sem gaman er að skoða út frá graffheiminum er táknrænt auðmagn. Táknrænt auðmagn er í stuttu máli sú virðing sem handhafi þess nýtur í viðkomandi samfélagi. Auðmagn af þessu tagi getur verið ólíkt milli samfélaga.<sup>47</sup> Ef að við tökum sem dæmi Söru Riel, hún er frábær listamaður, með góða menntun og mikla reynslu. Þrátt fyrir það, var fyrsta borgaða verkið hennar *Fjöðrin* í Breiðholti eins og ég kom inn á hér að ofan. Ástæðan fyrir því er sú að innan graffheimsins tekur tíma að búa sér til nægilegt táknrænt auðmagn – sem má síðan skipta út að einhverju leyti fyrir efnahagslegt auðmagn (þegar graffarinn er orðin nógu þekktur og virtur til að vera ráðinn til að graffa fyrir peninga). Það er eingöngu jafnt og þétt sem graffarar öðlast virðingu innan geirans. Einn allþekktasti og virtasti graffari heimsins um þessar mundir er Bretinn Banksy en hann er klassískt dæmi um listamann sem hefur skapað sér mikið táknrænt auðmagn. Til marks um það hversu mikið táknrænt auðmagn hann hefur, þá gerðist það nýverið að fjölskylda nokkur í Bristol (Bristol er talin vera fæðingarstaður Banksy en hann hefur aldrei komið fram opinberlega) ætlaði að selja húsið sitt sem listaverk þar sem Banksy hafði graffað á það. Þar með voru þau að leita af kaupanda sem væri tilbúinn að kaupa listaverk en húsið fylgdi þá með nánast eins og í kaupbæti. Húsið seldist þá fyrir mun hærri upphæð en fjölskyldan hefði fengið fyrir húsið eitt og sér.<sup>48</sup> Þetta er þá dæmi um það hvernig táknrænt auðmagn getur skapað efnahagslegt auðmagn.

Að lokum má skoða menningarlegt auðmagn og má skipta því í þrennt. Íklætt-, hlutgert- og stofnanavænt menningarlegt auðmagn. Þegar talað er um stofnanavætt menningarauðmagn er átt við opinbera viðurkenningu, svo sem háskólagráðu sem hugsanlega er hægt að yfirfæra í efnahagslegt auðmagn – eða kaup ríkisins á listaverkum eftir ákveðna listamenn. Graffgengið RWS í Reykjavík hafa til dæmis fengið verkefni frá Reykjavíkurborg og voru beðnir um að mála stór verk. Þar með eru þeir að fá ákveðna viðurkenningu frá Reykjavíkurborg um það að þeir séu góðir jaðarlistamenn eins og fram kemur á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Þar er talað um graffara sem jaðarlistamenn. Því meira sem þeir graffa þeim mun meira táknrænt auðmagn öðlast þeir. Táknræna auðmagnið gerir það að verkum að verkefnin verða fleiri sem

---

<sup>47</sup> Torfi H. Tulinius, Snorri og bræður hans, 52-53.

<sup>48</sup> Web Urbanist, *Bansky Paradox: 7 Sides of the Most Infamous Street Artist*, 2007.

strákarnir í RWS gera fyrir Reykjavíkurborg (sem og aðra). Á sama tíma er Reykjavíkurborg að eignast hlutgert menningarauðmagn. Þeim mun fleiri listaverk sem eru á húsgöflum, og öðrum eignum Reykjavíkurborgar gerir það að verkum að hlutgerða menningarauðmagnið verður sífellt stærra.<sup>49</sup> Íklædda menningarlega auðmagnið er síðan það sem að við tökum með okkur úr uppeldi. Kurteis talsmáti og það að við viljum mennta okkur, því það er normið fyrir okkur. Báðir þessir hlutir eru því íklæddir menningarlegu auðmagni sem mannfólkið eignast ómeðvitað.<sup>50</sup>

Það er áhugavert að skoða graffheiminn út frá þessum fjórum tegundum auðmagns Bourdieu þar sem hið efnahagslega auðmagn er svo lítið í samanburði við hin – og þá kannski sérstaklega það félagslega og táknræna sem spila stærstu hlutverkin. Hér erum við enn og aftur minnt á að það að graffa er ákveðinn lífsstíll á sama tíma og það snýst um félagsskap og samskipti. Graffið er því mun mikilvægara graffaranum sem listform og félagsleg athöfn heldur en þykkt peningaveskisins, sé lítið á það frá auðmagnskenningu Pierre Bourdie.

Mannfræðingurinn Michael Thompson skrifar í bók sinni *Rubbish Theory* (1979) að hlutir séu aðeins taldir verðmætir ef þeir eru viðurkenndir samfélagslega og félagslega – annars séu þeir álitnir vera annars flokks. Sú viðurkenning gerir hlutinn eftirsóknarverðan og jafnvel mikilvægan. Fólk úr ólíkum hópum getur síðan skilgreint hlutina á ólíkan hátt, þar sem ekki allir hafa sama bakgrunn eða smekk. Hvað það er sem er álitnið vera verðmætt og menningarlegt er afstætt og mismunandi eftir einstaklingum og ekki síst samfélögum.<sup>51</sup> Þetta á einnig afskaplega vel við um sýn okkar á graffi og hvaða gildi það hefur fyrir hvert og eitt okkar.

### 5.3 Óhreinindin eru í augum sjáandans

Í bókinni *Purity and danger* eftir mannfræðinginn Mary Douglas, sem fyrst var gefin út árið 1966, dvelur hún á svipuðum slóðum og Thompson. Í bókinni skoðar hún tabú og óhreinindi og kemst að þeirri niðurstöðu að óhreinindin verði til í augum sjáandans eða þess sem horfir og dæmir eða flokkar. Ef að við tökum sem dæmi mold, þá telst hún ekki til óhreininda þegar hún er úti í blómabeði. Ef við hinsvegar tökum örlítið af moldinni og setjum hana á

---

<sup>49</sup> Gleason. „The Interrelationship between Culture, Capital Structure, and Performance: Evidence from European Retailers“. 185-191.

<sup>50</sup> Davíð Kristinsson, „Inngangur“, 15.

<sup>51</sup> Thompson. *Rubbish theory*, 2.

stofuteppið þá finnst okkur moldin vera óhreinindi eða skítur – hún er hlutur á röngum stað og ógnar þess vegna skipulagi hlutanna.<sup>52</sup> Hér skiptir staðsetningin miklu máli og að farið sé eftir ákveðnu kerfi sem kveður á um hvar hlutirnir eigi að vera. Valdimar Tr. Hafstein kemur einnig inn í þetta í grein sinni um graffítí:

Graffítí er hlutur á röngum stað í þessum skilningi. Kerfið sem gerir graffítí óhreint er séreignafyrirkomulagið sem einkennir samfélagsskipanina. Í graffinu felst auðvitað brot á viðurkenndum eignarétti, eins konar eignarnám, en með því dregur graffið athygli að eignarfyrirkomulaginu með óvenjulegum hætti. Það bregður birtu á þá staðreynd að eignarrétturinn grundvallast ekki á lögmálum náttúrunnar heldur á félagslegu samkomulagi. Graffið rífur þau mörk sem þetta fyrirkomulag dregur um steinsteypuna í borginni og gerir þessi mörk þar með sýnileg. Það gengur þvert á þá dilka sem séreignarkerfið dregur húsveggi í. Það sem rekur borgaryfirvöld í hreinsunarherferðir gegn graffítí er ekki síst þörfin á að viðhalda röð og reglu, að staðfesta réttmæti kerfisins og afmá allt sem gæti bent til þess að það sé ekki sjálfgefið.<sup>53</sup>

Hér er þá við hæfi að vitna aftur í viðmælanda minn Kiddo þegar hann talar um veggina eða hlutina sem sprejjað er á. Hann segir:

Þú ert ekki að skemma hann nema hann missi notagildi sitt. En þetta er samt skemmdarverk. Í rauninni ef þú gerir eitthvað „nice“ listaverk á vegg sem þú átt ekki, þá er það listaverk en það er í raun skemmdarverk líka, þannig að það er kannski svoldið erfitt að skilgreina þetta. Ef þú gerir þetta löglega þá er þetta bara listaverk en ef þú gerir þetta á vegg sem þú mátt ekki [sprejja á] þá er það skemmdarverk. Ég kannski skilgreini þetta sem listaverk en sá sem að á vegginn skilgreinir þetta sem skemmdarverk.<sup>54</sup>

Þegar ég spurði viðmælandann Fevor hvort að graffið væri einstaklingsbundið og mismunandi eftir augum sjáandas var svarið: „Jú en list þarf ekki alltaf að vera jákvæð, sko þú veist ... ef að fólk segir að þetta sé ekki list þá veit ég ekkert hvað list er.“<sup>55</sup> Þetta fannst mér virkilega áhugavert sjónarmið og kom mér á óvart – en sjónarmiðið kallast á við bæði kenningar Mary Douglas og Michel de Certeau um ráðagerðir og undanbrögð þar sem graff er séð sem skemmdarverk, „neikvætt“, „undanbragð“ eða „hlutur á röngum stað“ því ekki er gert ráð fyrir því í kerfinu. Graffararnir sjálfir sjá hins vegar eigin verk sem eftirsóknarverð, og kom það til að mynda fram í þriðju þátttökuathuguninni þegar ég slóst í för með Kiddo og Dust en þegar þeir voru búnir að sprejja á rennihurð verslunarinnar Bónus á ónefndum stað

---

<sup>52</sup> Douglas, *Purity and Danger*, 2.

<sup>53</sup> Valdimar Tr. Hafstein. Graffítí: List á röngum stað, 2003, 8.

<sup>54</sup> Viðtal 2 (19. október 2014). Viðtal höfundar við Kiddo.

<sup>55</sup> Viðtal 3 (29. október 2014). Viðtal höfundar við Fevor.

sagði Dust, ánægður með árangurinn: „Djöfull er þetta nice maður! Við ættum að senda þeim reikning fyrir þessu strax í fyrramálið.“

Michel de Certeau leggur áherslu á að skoða hvernig maðurinn athafnar sig í því kerfi sem samfélagið leggur honum til – hvernig hann raunverulega nýtir borgarrýmið og beitir ráðagerðir yfirvalda undanbrögðum.<sup>56</sup> Þá má nefna að þegar við lögðum bílnum við Bónus þá pössuðum við okkur á að leggja fyrir aftan öryggismyndavél búðarinnar. Síðan var gengið með bakið í öryggismyndavélina, hettur og klútar voru notuð til að fela sem mestan hluta andlitsins. Hér voru graffarnir að beita undanbrögðum með hegðun sinni, með því að hylja andlit og fara aðrar leiðir að Bónus en gert var ráð fyrir. Þá má velta fyrir sér hvort að öryggismyndavélar séu notaðar af einhverju ráði til að fæla frá graffara. Valdimar Tr. Hafstein og Bryndís Björgvinsdóttir gerðu rannsókn á öryggismyndavélum í Reykjavík og tilgangi þeirra árið 2010. Tekin voru yfir 60 viðtöl. Svæðið sem þau skoðuðu ,var hluti af miðborg Reykjavíkur ,og taldar voru 290 öryggismyndavélar á þessu svæði. Þau komust að því að 8% þeirra 290 öryggismyndavéla sem þau skoðuðu voru notaðar, að sögn eiganda þeirra, í þeim tilgangi að fæla burtu graffara<sup>57</sup> – en graffararnir sem ég kynntist létu þær svo sannarlega ekki á sig fá. Þeir graffa í myrkri, með hettur eða húfur, skima um eftir vélum, snúa bökunum í þær og svo framvegis.

Kiddo og Dust eru báðir rúmlega tvítugir karlmenn, hvítir og frá Íslandi. Það leiðir okkur aftur að ákveðnum punkti sem áður hefur verið minnst á, en graffheimurinn er mest megnis myndaður af karlmönnum. Gæti það tengst því að graff er séð sem undanbragð og líffstíllinn sem fylgir gröffurum er gjarnan flokkaður sem „strákalegur“ – og einnig því að graff er svo umdeilt? Söru Riel langar til að „stelpur sjái að þetta er ekki bara fyrir stráka, heldur fyrir stelpur líka, að vera úti að gera eitthvað stórt.“<sup>58</sup> Ástæðuna telur hún geta verið vegna þess að stelpurnar þora ekki að fara út og skilja eftir sig eitthvað „shit“ eins og hún orðar það – sem kallast skemmtilega á við kenningu Mary Douglas. Sara heldur því fram að graffaranum verði að þora að mistakast og sýna hugrekki og vera með sjálfstraust –og gera þá bara næsta verk betur. Mikilvægt er líka að teikna út í heiminum, ekki bara í skissubókina heima hjá sér, því þar kynnist graffarinn eða listamaðurinn fleiri listamönnum sem hægt er að

---

<sup>56</sup> de Certeau, *The Practice of Everyday Life*. 36-37.

<sup>57</sup> Bryndís Björgvinsdóttir og Valdimar Tr. Hafstein, „Að fæla fólk frá...“ Eftirlitsmyndavélar í miðborg Reykjavíkur“, 30.

<sup>58</sup> Viðtal 1 (17. október 2014). Viðtal við Söru Riel.

læra af og öfugt. Sara talar einnig um að stelpur eigi það til að horfa á sig svo gagnrýnum augum að þær hreinlega lamist:

Það er ástæðan fyrir því að ég held að miklu færri stelpur en strákar séu að graffa og ég hef svo sannarlega reynt að tala við mínar gellur sem að eru ógeðslega klárar, bara *comon lets do it*. Gerum eitthvað skemmtilegt. Margir ógeðslega flottir karakterar hjá þeim en þær eru bara svo mikið: „Æji nei ég þori ekki að gera stórt“ og „æji ég þori ekki að gera fyrir framan aðra“. Bara svona *general* feimni.<sup>59</sup>

#### 5.4 Veruháttur og fleiri kenningar

Í öllum þeim viðtölum sem ég tók kom það fram að gröffurum líkar illa við það að aðrir graffarar spreypja yfir verkin þeirra – nema nýja verkið sé hreinlega betur gert og fari yfir gamla verkið að fullu, eins og komið var lítillega inn á í kafla 4.1. Það er þá einnig gott að hafa í huga að graffið er úti undir berum himni, það er sýnilegt öllum, jafnvel þeim sem hafa engan áhuga á að sjá það. Þar með sjá hinir sem taka þátt í leiknum hvað aðrir eru að gera, hversu virkir þeir eru og hvernig þeir þróast og þroskast sem graffarar. Því má segja að jafnvel þótt að graffarar hittist ekki sem slíkir, þá eiga þeir alltaf í ákveðinni samræðu sín á milli í gegnum graffið. Vegna þess hve sýnilegt graffið er þá sjá minni „spámenn“ hversu færir þeir bestu eru orðnir – hver viðmiðin eru. Þeir sem eru bestir sjá einnig hversu hratt minni „spámenn“ nálgast þá í getu, sem gerir það að verkum að þeir eru sífellt að þróa sig áfram og bæta.<sup>60</sup> Þannig má sjá graffheiminn sem einskonar leik og samskipti, og fer þessi leikur og þessi samskipti fram í hinu opinbera rými fyrir allra augum.

Veruháttur (e. habitus) er hugtak sem kemur líkt og auðmagnið hér að ofan úr smiðju Pierre Bourdieu. Samkvæmt Bourdieu er veruháttur kerfi langvarandi „en jafnframt breytilegra tilhneinginga sem stýra því hvernig einstaklingur er – hvað hann skynjar, ályktar og hvernig hann hagar gerðum sínum. Fólk sem elst upp í svipuðu umhverfi hefur svipaðan veruhátt sökum þess að það þrífst í og holdtekur sömu samfélagsformgerðina. Einstaklingar tileinka sér þannig ákveðið skipulag tilhneinginga ómeðvitað með því að ala aldur sinn við ákveðnar félagslegar aðstæður.<sup>61</sup> David Swartz sem skrifaði bókina *Culture and Power: The Sociology of Pierre Bourdieu* um félagsfræði Bourdieu segir þar að „það eru ekki reglur eða lögmál sem stýra atferli einstaklingsins, því hvers konar gjörðir fela í sér óvissu og eiga sér

---

<sup>59</sup> Viðtal 1 (17. október 2014). Viðtal við Söru Riel.

<sup>60</sup> Schwartzman, *Street Art*, 7.

<sup>61</sup> Davíð Kristinsson, „Inngangur“, 2.

stað í tíma og rúmi. Gerendur leika af fingrum fram og bregðast við tækifærum og hömlum sem felast í mismunandi aðstæðum.<sup>62</sup> Hugtakið auðmagn (e. capital) hefur áhrif á veruhátt einstaklingsins. Auðmagn og stéttaskipting er ekki endilega fólgin í peningum heldur einnig möguleikanum á að tileinka sér ákveðna þekkingu eða hugmyndir að mati Bourdieu. Að sama skapi þá talar Kiddo um auðmagnið þegar hann vitnar í félaga sinn og segir að aðeins séu þrjár týpur af gröffurum og þær eru eftirfarandi:

Ein [týpan] er dópisti sem að er ekki neitt menntaður, er ekki í vinnu og á aldrei eftir að vera í vinnu og hefur engu að tapa. Hann hefur verið böstaður og setið af sér peningasektina og svo bara haldið áfram. Síðan eru það ríku krakkarnir eins og Utah Either, sem borga sektirnar sínar. Svo eru það milligæjarnir og það er lang erfiðast og þar hefurðu helling að tapa en þú vilt samt halda áfram að mála og það er mjög erfitt. Það eru mjög fáir sem að eru þrjátíu plús að graffa en það eru bestu gæjarnir sko.<sup>63</sup>

Veruhátturinn hefur mótað einstaklinginn og gert hann að þeim einstaklingi sem hann/hún er í dag. Veruháttur einstaklinganna verður fyrir áhrifum af genginu sem graffararnir eru í, stílnum sem þau tileinka sér og framtíðarsýn þeirra sem graffara á Íslandi. HNP graffgengið sem er eins og áður hefur verið ritað eitt af tveimur stærstu graffgengum landsins og stendur fyrir svo margt, að sögn Favor. Það sama á við um RWS. Favor segir stafina HNP í raun og veru standa fyrir það sem graffararnir vilja að þeir standi fyrir. Meðlimir HNP hafa hinsvegar verið að leika sér með merkingar eins og „hoes n pimps“ en það hefur síðan breyst í allskonar útgáfur þar sem stafirnir eru skemmtilegir og auðvelt er að tagga þá. Þá komu upp á yfirborðið nöfn eins og „hella nasty perverts“, „hell not paradise“, „horny norwegian parents“, „hass núna plís“ og það nýjasta er „helvíti næs piltar“. HNP strákarnir sögðu mér að lífsstíllinn þeirra skíni í gegnum graffið sem þeir gera. Þeir líta því sem svo á, að einhverju leyti, að þeir deili sama lífsstílnum – og jafvel sama veruhættinum – sem birtist þá í táknum og stíl myndanna sem þeir graffa.

Þegar ég fór í mína þriðju og lengstu þátttökuathugun þá langaði Kiddo og Dust að mála í Breiðholtinu. Dust sagði mér svo, þegar fyrsta bomban var búin og við vorum að ganga í bílinn með málninguna og brúsana, að hann hefði búið í einni af blokkunum þarna í Breiðholtinu nánast allt sitt líf – en æskuheimilið er vettvangurinn þar sem veruhátturinn

---

<sup>62</sup> Swartz, *Culture and Power: The Sociology of Pierre Bourdieu*, 99-100.

<sup>63</sup> Viðtal 2 (19. október 2014). Viðtal höfundar við Kiddo.

verður til.<sup>64</sup> Hann verður til í gegnum ómeðvitað ferli, smýgur inn í merg og bein. Veruháttur okkar segir til um hvernig uppeldi við fengum, byggir upp landamæri milli fólks, og oftast en ekki er fólk með sama veruhátt sammála og skilur hegðun hvors annars.<sup>65</sup> Þessi vitneskja opnaði fyrir mér nýja sýn á grafferðir okkar upp í Breiðholt. Í ljós kom að við vorum ekki að graffa „einhversstaðar“ heldur á æskulóðum Dust, þar sem hann þekkti til og hafði ákveðin tilfinningatengsl til.

Að lokum langar mig að minnast á hugtak frá Victor Turner sem kallast leikrænn flutningur (e. performance), en það táknar ákveðið flæði ósjálfráðra hreyfinga eða tjáningar sem bera með sér grunnupplýsingar um gildi og markmið sem endurspeglar menninguna sem leikrænn flutningur byggir á.<sup>66</sup> Leikrænan flutningur má skilja út frá sameiginlegum mannlegum skilningi, en á sama tíma sýnir hann einkenni hvernar menningar fyrir sig. Ástæðan fyrir því að mig langar að enda á leikræna flutningum er hversu vel hann á við um athæfið að graffa og það sem hér hefur verið fjallað um. Graffarar eru að framkvæma flutning í tvöföldum skilningi því það að graffa má sjá sem leikrænan flutning sem fylgir ákveðnum reglum: Það er allt það sem fer fram á meðan á graffinu stendur þar sem svo margt annað skiptir máli en lokaafurðin, eins og af hverju þú ert að graffa, með hverjum þú ert að graffa, samskipti graffarans við yfirvald, tæknina sem graffarinn er að þróa með sér og hverjar skoðanir hans á graffi eru í samhengi við borgarrýmið og almannarýmið. Annars vegar er það verkið sjálft sem einnig má sjá sem leikrænan flutning, þegar graffarinn hefur pakkað saman og hafið sig á brott. Verkið hefur þá skýr áhrif á umhverfið, sem eru áhrif sem graffarinn veit jafnvel lítið sem ekkert um. Þetta var eitt af þeim atriðum sem komu skýrt fram í þátttökuathugunum – að verkið stendur eftir og er þá ekki lengur eign graffarans heldur eign almennings. Það lifir áfram á staðnum og breytist jafnvel án þess að graffararnir viti af því, en ástæðan er sú að graffararnir koma sjaldnast aftur til að laga verkið sitt eða halda því við.<sup>67</sup>

---

<sup>64</sup> Davíð Kristinsson, „Inngangur“, 2.

<sup>65</sup> Davíð Kristinsson, „Inngangur“, 8.

<sup>66</sup> Turner, *The Anthropology of Performance*, 4.

<sup>67</sup> Viðtal 1 (17. október 2014). Viðtal við Söru Riel.

## 6. Ólöglegt athæfi

Hér á landi er graff ólöglegt. Graff er ólöglegt víða um heim og athyglisvert er að skoða á hvaða forsendum það er bannað hverju sinni. Mig langar að bera Ísland saman við önnur lönd en þá hugmynd fékk ég við lestur á grein Valdimars „Graffítí: List á röngum stað“. Þar kemur fram að í Kína sé graff flokkað sem tjáningarglæpur, og fer Valdimar aðeins yfir „hversu“ ólöglegt athæfið er hér á landi samanborðið við önnur lönd. Valdimar segir frá kínverskum graffara sem skorin var tungan úr í refsingarskyni fyrir graff – en þar í landi er graff flokkað sem tjáningarglæpur og bar að refsa viðkomandi með þessari táknrænu refsingu. Einnig kom fram í sömu grein Valdimars að hérlendis standi í samþykktri lögreglugerð fyrir Reykjavíkurborg að „á mannvirki og hluti má ekki mála eða teikna og ekki festa auglýsingar nema með leyfi eiganda eða umráðamanns.“<sup>68</sup> Það kom mér því verulega á óvart hversu mikill munur er á refsingunum hér á landi samanborið við til dæmis Bandaríkin.<sup>69</sup> Á veraldarvefnum má finna heimasíður bandarísku fylkjanna þar sem línur eru lagðar varðandi forvarnir við graffi og, hvað fólk á að gera þegar það verður vitni að graffara að verki og svo framvegis.<sup>70</sup> Einnig er auðvelt að koma auga á muninn á Íslandi og Bandaríkjunum með því að horfa á erlendar heimildarmyndir um graff. Ef við snúum okkur aftur að því hversu hart er tekið á graffi hérlendis þá sjáum við að það hafa orðið breytingar síðan Valdimar skrifaði sína grein. Í áttundu grein lögreglusamþykktar Reykjavíkur stendur að:

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti sem ætlaðir eru til almenningsnota eða prýði. Þetta á einnig við þá hluta af húsum og öðrum mannvirkjum sem liggja að almannafæri.

Á mannvirki og hluti má ekki mála, teikna eða festa auglýsingar nema með leyfi eiganda eða umráðamanns.

Óheimilt er að reisa auglýsingaskilti á almannafæri nema með leyfi byggingarfulltrúa. Sama gildir um ökutæki með auglýsingum sem standa yfirgefnar á eða við almannafæri í auglýsingaskyni. Byggingarfulltrúi skal tilkynna lögreglustjóra um slík leyfi. Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn þar sem þær voru hafðar. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður eða gera ólæsilegar á annan hátt.<sup>71</sup>

---

<sup>68</sup> Valdimar Tr. Hafstein. Graffítí: List á röngum stað, 2003, 8.

<sup>69</sup> Pray, *Infamy*.

<sup>70</sup> The City of Houston, *Wiping Out Graffiti in Houston*, 2014.

<sup>71</sup> *Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg*, Nr. 1097/2008.



Fyrir rétt rúmum áratug féll graff hins vegar undir tíundu grein í lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg sem að hljóðar svo: „á mannvirki og hluti má ekki mála eða teikna og ekki festa auglýsingar nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri og bannað er að slíta upp blóm“.<sup>72</sup> Hér sjáum við að þær reglugerðir er snúa að graffi hafa verið hertar. Þær breytingar eru þó alls ekki stórvæglegar, og sýnir þetta samt sem áður hversu vægt brot það er graffa hérlandis.

Þegar horft er vestur til Bandaríkjanna blasir við annað umhverfi. Eins og ég sagði hér að ofan eru ríkisreknar heimasíður með alls kyns áróðri og upplýsingum um graff. Nefna má að í borginni Houston í Texas er graff litid mjög alvarlegum augum. Fimmtíu prósent af öllum skemmdarverkum í Houston eru graff. Tíu prósent af öllu graffi í Houston er gert af klíkum.<sup>73</sup> Ef graff í Houston er metið sem skemmdarverk að andvirði fimmhundrað dala eða meira – það er að segja sé graffið álitid hafa skemmt hlut eða eign að því andvirði eða meira – þá geta graffararnir átt yfir höfði sér afplánun í fangelsi. Inn á þessari sömu síðu eru líka upplýsingar um hvernig best sé að fjarlægja graff, hvernig hægt sé að koma í veg fyrir það og hvert á að leita ef maður verður vitni af þessum glæp, eins og það er orðað. Gefin eru upp símanúmer hjá sérstakri graff-lögreglu og hjá sérstökum aðilum sem að sjá um að fjarlægja graff.

Graff-lögreglan í Bandaríkjunum er vel í stakk búin eins og glettilega sést í heimildarmyndinni *Infamy*. Hún fer til að mynda um á þyrlum búnum risastórum kösturum. Samkvæmt heimasíðu Houston þá virðist ástæðan fyrir því vera tvenns konar. Annars vegar hversu tengdar glæpaklíkur eru graffheiminum þar ytra. Hina ástæðan er til að sýna fordæmi – með því að refsar þeim sem graffa. Kostnaður og tími fylgir því að fjarlægja graffið. Því fylgja aukin útgjöld fyrir ríkið sem bitnar á borgarbúum og þeim sem borga skatta samkvæmt heimasíðu Houston, Texas.<sup>74</sup> Þar af leiðandi hafa bæjaryfirvöld brugðist svo við að setja peninga í forvörn og gæslu gegn graffinu. Þannig reyna þau að sporna við því að unglingar feti þessa slóð og koma þannig í veg fyrir frekari útgjöld seinna meir. Kiddo vitnar í þessa „zero tolerance“ stefnu í viðtali mínu við hann og segir:

---

<sup>72</sup> *Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg*, Nr. 1097/2008.

<sup>73</sup> The City of Houston, *Wiping Out Graffiti in Houston*, 2014.

<sup>74</sup> The City of Houston, *Wiping Out Graffiti in Houston*, 2014.

„zero tolerance“ stefnan er alveg að virka sko. Það eru alveg gæjar úti heimi sem að hafa verið teknir fokking illa. Svona stærstu nöfnin út í Svíþjóð. Það eru gaurar sem hafa verið teknir og lífið þeirra er bara búið sko. Þeir þurfa alltaf að vera í ömurlegri vinnu. Þeir náttúrulega menntuðu sig aldrei neitt, voru bara í graffíti og kunna ekkert nema gera þetta og eru böstaðir og fá ógeðslega háa sekt sem þeir eiga aldrei eftir að geta borgað. Þeir þurfa bara að vera í einhverju ströggli að borga einhverja sekt bara næstu 20 árin eða eitthvað og það var bara gert fordæmi úr þessum gæjum og þetta náttúrulega virkar og menn eru alveg hræddir.<sup>75</sup>

Þetta leiðir okkur þá að enn öðru sem kemur skýrt fram við áhorf heimildarmynda um graff og þeim viðtölum sem ég hef tekið, þar er adrenalínið og hræðslan við yfirvaldið og hvernig það er hluti af leiknum – partur af því að graffa og vera graffari.<sup>76</sup>

---

<sup>75</sup> Viðtal 2 (19. október 2014). Viðtal höfundar við Kiddo.

<sup>76</sup> Viðtal 1 (17. október 2014). Viðtal við Söru Riel.

## 7. Reykjavík - Hrein Borg

Það var árið 2008 sem að Reykjavíkurborg hratt af stað átakinu *Hrein Borg* en hluti af átaksverkefninu var að varpa ljósi á umfang veggjakrots í Reykjavík. Allt graff var skráð og myndað með skipulögðum hætti. Átakið átti sér stað frá maí til október 2008 og var það í fyrsta skipti sem veggjakrot eða graff hefur verið kortlagt með heildstæðum hætti í allri Reykjavík. Niðurstöðurnar voru 42 þúsund fermetrar af veggjakroti.<sup>77</sup>

Upplýsingar um stöðu mála í Reykjavíkurborg árið 2008 við upphaf mælinga eru eftirfarandi:

Heildarflötur veggjakrots í Reykjavík 42.000 m<sup>2</sup>.

Heildarfjöldi staða/viðfanga í Reykjavík 25.000 m<sup>2</sup>.

Heildarflötur veggjakrots á miðborgarsvæði 14.000 m<sup>2</sup> (34% af kroti í Reykjavík).

Heildarfjöldi staða/viðfanga í Reykjavík á miðborgarsvæði 5.273 m<sup>2</sup>.

Það var síðan árið 2012 sem að gerður var samanburður frá því mælingar hófust 2008, stuttu eftir að samstarfsverkefni var gert um Hjartagarðinn við Laugaveg við veggjalistamenn. Hér sjáum við frekar óvænta atburðarrás, sem mér þykir sýna að graff var fjórum árum eftir áttakið *Hrein borg* orðið samþykktara í samfélaginu en áður fyrr – það þótti ekki einungis vera „óhreint“ eða „skítugt“, eða það er að segja: hlutur á röngum stað. Og nú voru graffarar veggjalistamenn en ekki jaðarlistamenn eða skemmdarvargar. Niðurstöður úr samanburðinum frá 2008 og 2012 sýnir að átakið *Hrein borg* bar árangur – sé horft frá sjónarhóli þeirra sem stjórna borginni. Veggjakrot – eins og borgin orðar það — stóð í 16.000 fermetrum í lok átaksins, en var upprunalega í 42.000 fermetrum, sem skilar sér í 60% árangri. Þessi tölfræði miðast við sjónlínu frá götu. Mikil áhersla var lögð á miðborg Reykjavíkur og þar náðist að fjarlægja 90% af því graffi sem þar var að finna. Ástæðan fyrir því að mikil áhersla var lögð á miðborg Reykjavíkur er sú að sá hluti borgarinnar er mikilvægasti hluti höfuðborgarinnar að mati reykjavík.is. Þar er ásýnd og umgengni hagsmunamál allrar þjóðarinnar. Þá er komið inn á þætti eins og ferðaþjónustu, verslun, viðskipti og stjórnsýslu landsins. Einnig er miðborgin miðpunktur menningarlegra verðmæta, hátíðarhalda og stórviðburða. Að ógleymsdu því að miðborgin er staður fólksins til að njóta lífsins á, hvort sem það er á kaffihúsum,

---

<sup>77</sup> Reykjavíkurborg. *Veggjakrot og vegglist*.

veitingastöðum, við Tjörnina eða á Austurvelli. Reykjavíkurborg hefur sett sér það að markmiði að halda miðborginni „hreinni“ og þar af leiðandi lausri við veggjakrot – en allar þessar upplýsingar má finna inn á vefsíðu borgarinnar reykjavik.is. Hér má benda á að stefna Reykjavíkurborgar sé hreinlega ekki nægilega skýr því nokkrum línum fyrir ofan þessi skrif var fjallað um samstarfsverkefni við veggjalistamenn. Þá getum við spurt enn og aftur: Hvort er graff list eða óhreindindi? Og hvernig er það metið?

Á vefsíðu Reykjavíkurborgar er að finna ljósmynd og þar stendur að Reykjavíkurborg hafi staðið fyrir málun á veggmyndum í tengslum við listaviðburði eða í einstökum tilfellum veitt heimild fyrir slíku. Það er einmitt komið inn á slíkt í viðtali sem að ég tók við einn af mínum viðmælendum. Spurning mín var á þá vegu hvort að nýjustu verkin sem gerð væru, myndu verða til þess að fólk sæi nafnið og hefði þar af leiðandi samband, og myndi vilja fá höfundinn eða graffarann til að gera verk á vegg í sinni umsjón eða eigu. Svárið við því var eftirfarandi:

Reyndar er sveppurinn og fönixinn og bara allt hitt gert því þau vilja ekki hlusta á mig, ég reyndi að fá pening og stuðning, bara „fuck that“ geri það samt. Þá gerir maður það bara, þá er það svona semi löglegt semi ólöglegt og þá á maður náttúrulega að fá leyfi hjá borginni en ég geri það náttúrulega ekki. Og hvað, hver er sýningarstjóri hjá ykkur, hver á að leyfa og ekki. Ég þarf hinsvegar að fá leyfi hjá húsráðanda og Ísland virkar rosalega vel miðað við land eins og Þýskaland, þar er svo mikil hræðsla við yfirvaldið, þar er allt „ferbúdden.“ Stundum vilja þeir fá fyrirmyndir, en ef þeir segja nei þá elti ég það ekkert. Þá fer ég bara einhvert annað.<sup>78</sup>

Myndin á síðu borgarinnar er af stórum gafla sem búið er að graffa á í gamla Hjartagarðinum. Þar stendur: „Hér að ofan má sjá velheppnaða veggmynd í Hjartagarðinum á Hljómalindarreitnum, en um var að ræða samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og jaðarlistamanna.“ Það vekur athygli að hér er notast við orðið jaðarlistamaður. Það orð er mjög á reiki að mínu mati og þá kannski sérstaklega þegar Reykjavíkurborg er búið að samþykkja graff að hluta til og vinna verkið í samstarfi við ákveðna graffara. Hverjir eru það sem að fá að gera verk á þessa stóru vegg og gafla í samstarfi við borgina? Það eru þeir sem Reykjavíkurborg treystir til að gera nægilega stórt verk og eru nægilega hæfileikaríkir. En hvernig urðu þeir síðan svona góðir? Með því að sprejja á leyfisveggi? Nei. Þar með er borgin farin að „verðlauna“ góða graffara með því að gefa þeim risastórt verk og dýra brúsa í hendurnar. Kiddo viðmælendi minn nefndi það síðan í einni þátttökuathuguninni að hann

---

<sup>78</sup> Viðtal 1 (17. október 2014). Viðtal við Söru Riel.

vonaðist eftir því að borgin færi bráðlega í átaksverkefni. Það yrði til þess að hann gæti byrjað að spreya á góðum stöðum á nýjan leik – því þegar borgarstarfsmenn mála yfir graffítí verk með hvítri málningu eru þeir um leið að búa til fleti undir ný verk.

## Niðurstöður

Þegar ég lít til baka á þær spurningar sem ég hafði í byrjun ritgerðar minnar varðandi graff ,og hvort graff væri orðið samþykktara í samfélaginu en það var fyrir rúmum áratug eða svo, þá er svarið nei. Ástæðan fyrir því að ég tel mig ekki geta svarað því játandi að fullu er sú að í raun og veru hafa engar draktískar breytingar átt sér stað. Á þeim tímaramma sem að ég setti mér í upphafi, með áherslu á seinasta áratug þá er það sem að ég hef komist að, þvert á móti þeim skoðunum sem ég hafði í upphafi. Þá má geta þess að ég bjóst við jákvæðara viðhorfi í samskiptum mínum við Reykjavíkurborg. Til að mynda hringdi ég tvisvar í Reykjavíkurborg og aldrei fékk ég nein svör. Að lokum fékk ég tölvupóst og átti sá aðili að veita mér svör við spurningum mínum. Ég er enn að bíða eftir þeim svörum. Eins og fram kom í kaflanum ólöglegt athæfi þá fór graff úr því að vera í sömu grein Lögreglusamþykktar Reykjavíkurborgar og það að traðka á blómabeði, yfir í flokkast með auglýsingum og koma „vel fram“ við hluti á almannarýminu.<sup>79</sup>

Þrátt fyrir að Lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar hafi verið hert seinasta áratug þá finnst mér orðræðan vera orðin töluvert jákvæðari en áður.<sup>80</sup> Þær niðurstöður hef ég þó einungis út frá skoðunum viðmælenda minna og mínum eigin tilfinningum, þar sem að graff hefur átt hug minn allan seinustu átta mánuði, og berst talið því gjarnan í þá áttina þegar ég spjalla við fólk. Ég fékk því oftast en ekki að heyra þeirra skoðanir á athæfinu og þar kom það sama fram og ég kom inn á í fyrsta kafla, hversu illa taggið er séð. Stærri verk fá hinsvegar mikið hrós og algengt er að fólk vilji sjá meira af þeim. Tilfinningin er sú að litið sé á stærri verkin sem listaverk en taggið og minni verk sem skemmdarverk.

Það sem kom mér verulega á óvart í þeim viðtölum sem tók var hversu mikill sannleikur reyndist í þeim kenningum sem ég hafði lært í mínu akademíska námi. Hversu vel kenningar á borð við „Broken Window Theory“ og kenningar Bourdieu um auðmagnið eiga við um graffara og graff ,án þess þó að þeir viti af eftirfarandi kenningum sem fræðilegum nálgunum á efnið. Einnig fannst mér svar Fevor áhugavert þegar ég spurði hann um kenningu Mary Douglas, hvort að óhreinindi yrðu ekki aðeins til í augum sjáandans. Þá svaraði hann mér: „Jú en list þarf ekki alltaf að vera jákvæð, sko ef að fólk segir að þetta sé ekki list þá veit ég

---

<sup>79</sup> Valdimar Tr. Hafstein. Graffítí: List á röngum stað, 2003, 8.

<sup>80</sup> *Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg*, Nr. 1097/2008.

ekkert hvað list er.<sup>81</sup> Svar hans minnir okkur á að list þarf ekki alltaf að vera vel séð – og að „óhreinindi“ geti líka verið list. Einnig komst ég að því hversu mikinn þátt veruhátturinn hefur í móttun einstaklinganna sem graffa og veittu mér viðtöl. Þegar viðmælendurnir voru spurðir hvað það væri sem héldi þeim í graffinu sá ég á þeim að það var tilfinning sem erfitt var að útskýra – en það væri þessi sköpunargleði og ástríða fyrir því sem að þeir væru að gera. Þörfin fyrir listræna tjáningu og einnig hvernig leikurinn er spilaður. Graffarar deila því að miklu leyti sama lífsstílnum – eða líta að minnsta kosti sem svo sé – og hafa líka svipaðra hagsmuna að gæta.

Graffið sem ólöglegt athæfi var afar forvitnilegt að skoða. Þeim mun meira sem ég rannsakaði það efni og spurðist fyrir, þá skynjaði ég hversu auðvelt það er að leika þennan leik – að graffa – héraendis. Ástæðan gæti verið sú að fyrir áratug síðan þá var litið sömu augum á graff og það að traðka á blómabeði á almannafæri, „lagalega“ séð. Það segir meira en mörg orð sé miðað við að í Kína er graff talið vera alvarlegur tjáningarglæpur og þar var tunga skorin úr graffara fyrir rúmum áratug síðan. Í Texas ríki í Bandaríkjunum er einnig hart tekið á málunum og sést það vel í bandarískum heimildarmyndum á borð við *Bomb It* og *Infamy* hversu alvarlegt það er að vera gómaður við það að sprejja.<sup>82</sup>

Ég fór í nokkrar þátttökuathuganir og sú reynsla reyndist mér afar dýrmæt við skrifin og er ég gróffurinum „sem ég fékk að slást í för með virkilega þakklátur. Það sem að þátttökuathuganir hafa fram yfir það að horfa bara á heimildarmyndir og lesa sér til um efnið er tilfinningin sem graffarinn upplifir. Athæfið sjálft er það sem að dýpkaði skilning minn sem og áhuga fyrir viðfangsefninu. Það sem ég upplifði einnig við það að fá að mála og sprejja sjálfur var hversu sterk tilfinning kom um líkama minn sem stanslaust sagði mér að gera meira, gera betur og gera stærra. Allar þær sögur sem ég fékk að heyra á þessum kvöldum sem og reynslan sem ég tók með mér heim eftir þessar löngu nætur er ómetanleg.

Reykjavíkurborg og átakið *Hrein borg* sem átti sér stað árið 2008 er ferskt í minningu þeirra graffara sem ég tók viðtal við og er það ekkert launungamál að það brýtur niður graffarann þegar málað er yfir verkin hans. Orðræðan og umfjöllunin hefur verið að miklu leyti sú sama seinasta áratuginn, þessi sífellda togstreyta á milli skemmdarverks eða listar. Óneitanlega þá er taggið svartur blettur í graffsenunni. Það er það sem almenningur fyrirliður

---

<sup>81</sup> Viðtal 3 (29. október 2014). Viðtal höfundar við Fevor.

<sup>82</sup> Reiss, *Bomb It* og Pray, *Infamy*

hvað mest og oftast er talað um sem skemmdarverk. Niðurstöður mínar koma mér þó að vissu leyti á óvart. Því raunin er sú að mikið af fallegum verkum fá að standa og hafa fengið að standa heillengi. Þá er Reykjavíkurborg farin í töluvert meira mæli að fá graffara til að skreyta fyrir sig vegg. Ekki hefur verið farið í átak síðan 2008 í að þrífa graff af veggjum borgarinnar, sem skilur mig eftir með þá spurningu hvort að við stöndum á tímamótum hvað varðar graff í borginni okkar – og hvort við munum sjá áhugaverðar breytingar á þessari hlið borgarlífsins á næstu árum þar sem graffarar, yfirvöldin í borginni og almenningur munu sífellt færast nær hvor öðru.



## Heimildaskrá

- Bryndís Björgvinsdóttir og Valdimar Tr. Hafstein. Að fæla fólk frá: Eftirlitsmyndavélar í miðborg Reykjavíkur. Rannsóknir í félagsvísindum XI. Ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. 2000. 34.
- Crewswell, John W. *Qualitative Inquiry & Research Design*. Thousands Oaks, CA: Sage Publications, 1994.
- Davíð Kristinsson, „Inngangur,“ í *Almenningsálitid er ekki til*, ritstýrt af Davíð Kristinssyni, 7–16, Reykjavík: Omdúrman og ReykjavíkurAkademían, 2007.
- De Certeau, Michel. *Practice of Everyday Life*. Berkeley: University of California Press, 1988.
- Doug Pray. *Infamy* [heimildarmynd]. USA: Paladin Super Co, 2005.
- Douglas, Mary. *Purity and Danger: An Analyses of Concepts of Pollution and Taboo*. London: Routledge, 1966.
- Gilje, Nils og Skirbekk, Gunnar. *Heimspækisaga*, Stefán Hjörleifsson þýddi. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1990.
- Gleason, Kimberly C. The Interrelationship between Culture, Capital Structure, and Performance: Evidence from European Retailers. *Journal of Business Research*. (50). Southern Illinois University: Department of Finance, 2000. 185-191.
- Goldstone, John og Jones, Terry. *Monty Python's Life of Brian* [kvikmynd]. Bretland, HandMade Films, 1979.
- Jeff Levy-Hinte, Tracy Wares, Jon Reiss, Kate Christensen (framleiðendur) og Jon Reiss. (leikstjóri) *Bomb It* [heimildarmynd]. USA: Jon Reiss, 2007.
- Lilja. Skemmdarverk eða Listaverk. *Fréttablaðið*, 18.júlí 2005, 36.
- Phillips, Susan A. *Wallbangin': Graffiti and Gangs in L.A.*, Chicago: University of Chicago Press, 1969.

Schartzman, Allan. *Street Art*. Garden City New York: The Dial Press, 1985.

Swartz, David. *Culture and Power: The Sociology of Pierre Bourdieu*. Chicago: University of Chicago Press, 1997.

Taki 183' Spawns Pen Pals. *New York Times*, 21 júlí 1971. 37.

Tangherlini, Timothy R. Heroes and Lies: Storytelling Tactics among Paramedics. *Folklore*, Vol 111, 2000, 43-66.

Thompson, Michael. *Rubbish Theory: The Creation and Destruction of Value*. Oxford: Oxford University Press, 1979.

Torfi H. Tulinius. Snorri og bræður hans. *Ný Saga*, 1, 2000, 53-53.

Turner, Victor. *The Anthropology of Performance*. New York: PAJ Publications, 1987.

Valdimar Tr. Hafstein. Graffiti: List á röngum stað. *Morgunblaðið*, 25. janúar 2003, 8-9.

## Vefsíður

*Banksy Paradox: 7 Sides of the Most Infamous Street Artist*. 2007. Sótt 30. október 2014 á:

<http://weburbanist.com/2007/07/19/banksy-paradox-unofficial-guide-to-the-worlds-most-infamous-urban-guerilla-street-artist/>

*Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg*, Nr. 1097/2008. Sótt 2. desember 2014 á:

[http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/logregla/logr\\_samth/nr/866](http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/logregla/logr_samth/nr/866)

Carey, Bjorn. *Ancient Cave Art Full of Teenage Graffiti*. 2006. Sótt 12. október 2014 á:

<http://www.livescience.com/7028-ancient-cave-art-full-teenage-graffiti.html>

Dermakardijian, Ashley Gene. *Beyond "A Good Bathroom Read": A Bakhtinian Study of the Gendered Carnival in Women's Latrinalia* [rafræn útgáfa]. Óbirt MA-ritgerð við Stephen F. Austin

Eric. *History of Graffiti Pt 1*. 1998. Sótt 11. október 2014 á:

<http://www.daveyd.com/historyofgraf.html>

Halle, Howard. *Graffiti art: A brief history of controversial form*. 2013. Sótt 11. október 2014 á:  
<http://www.timeout.com/newyork/art/graffiti-art-a-brief-history-of-the-controversial-form>

*History Part One*. 2009. Sótt 11. október 2014 á: <http://www.at149st.com/hpart1.html>

Kelling, George L. og Wilson, James Q. *Broken Windows: The police and neighborhood safety*, 1982.  
Sótt 7. desember 2014 á: <http://www.theatlantic.com/magazine/archive/1982/03/broken-windows/304465/>

*Kinds and Styles of Graffiti*. 2014. Sótt 23. október 2014 á: <http://calligraphy-expo.com/eng/AboutCalligraphy/Graffiti/Styles.aspx?ItemID=1595>

Kirchner, Lauren. *Breaking Down the Broken Windows Theory*, 2014. Sótt 1. desember 2014 á:  
<http://www.psmag.com/navigation/politics-and-law/breaking-broken-windows-theory-72310/>

Ouzman, Dr. Sven, *Graffiti as art(e)fact: Contemporary archaeology*. 2010. Sótt 1. desember 2014 á:  
<http://www.uj.ac.za/EN/Faculties/humanities/departments/sociology/seminar/Documents/Seminar%20papers/Ouzman%202010%20Graffiti.pdf>

Reykjavik.is. *Veggjakrot og vegglist*. 2014. Sótt 30. október 2014 á:  
<http://reykjavik.is/thjonusta/veggjakrot-og-vegglist>

State University í Texas, Bandaríkjunum, 2008. Sótt 10. október 2014 á:  
<http://proquest.umi.com/pqdweb?did=1583176881&sid=1&Fmt=2&clientId=171910&RQT=309&VName=PQD>

The City of Houston. *Wiping Out Graffiti in Houston*. 2014. Sótt 10. október 2014 á:  
<http://www.houstontx.gov/graffiti/facts.html>.

White, Ashanti. *From Primitive to Integral: The Evolutin of Graffiti Art*. 2014. Sótt 30. október 2014 á:  
<http://cejournal.org/wp-content/uploads/2012/06/Graffiti.pdf>

## **Viðtöl**

Viðtal 1 (17. október 2014). Viðtal höfundar við Söru Riel.

Viðtal 2 (19. október 2014). Viðtal höfundar við Kiddo.

Viðtal 3 (29. október 2014). Viðtal höfundar við Fevor.

## Myndaskrá

Mynd 1. Sótt 23. október 2014 á: <http://www.wilkeseastna.org/files/graffiti02.jpg>

Mynd 2. Sótt 23. október 2014 á: <http://1.bp.blogspot.com/-KfptLGncraU/Tqfs-pJ4bKI/AAAAAAAAAMJ8/IYILNY9SL5g/s1600/GRAFF+BOMBING.jpg>

Mynd 3. Sótt 23. október 2014 á: <http://graffitialphabeto.com/wp-content/uploads/2011/04/Cool-Paint-Graffiti-Letter-REGIN.jpg>

Mynd 4. Sótt 23. október 2014 á: <http://mattweberphotos.files.wordpress.com/2010/07/scratchitti-window-copy-21.jpg>

Mynd 5. Sótt 23. október 2014 á: [http://sonz1teaching.files.wordpress.com/2010/04/bates-ironlak-graffiti\\_newsmellinto.jpg](http://sonz1teaching.files.wordpress.com/2010/04/bates-ironlak-graffiti_newsmellinto.jpg)

Mynd 6. Sótt 23. október 2014 á:

[https://38.media.tumblr.com/9789e83f6d17cc5a296ab8c6431a4903/tumblr\\_mlombyTXMk1s6dafso1\\_500.jpg](https://38.media.tumblr.com/9789e83f6d17cc5a296ab8c6431a4903/tumblr_mlombyTXMk1s6dafso1_500.jpg)

Mynd 7. Sótt 23. október 2014 á: [https://fbcdn-sphotos-f-a.akamaihd.net/hphotos-ak-xpa1/v/t1.0-9/1012288\\_10204133186423584\\_6412339346097507113\\_n.jpg?oh=282c72f38f96aa1633cf20ccc37fbb3f&oe=54AD898F&\\_\\_gda\\_\\_=1421538021\\_ee693b3f0738010c3c730b3a28968faa](https://fbcdn-sphotos-f-a.akamaihd.net/hphotos-ak-xpa1/v/t1.0-9/1012288_10204133186423584_6412339346097507113_n.jpg?oh=282c72f38f96aa1633cf20ccc37fbb3f&oe=54AD898F&__gda__=1421538021_ee693b3f0738010c3c730b3a28968faa)

Mynd 8. Sótt 23. október 2014 á:

[http://3.bp.blogspot.com/\\_moDkM2GCEuQ/SiYPt8cLeUI/AAAAAAAAACmY/0LJBxHs32eE/s1600-h/4bubble.jpg](http://3.bp.blogspot.com/_moDkM2GCEuQ/SiYPt8cLeUI/AAAAAAAAACmY/0LJBxHs32eE/s1600-h/4bubble.jpg)

Mynd 9. Sótt 23. október 2014 á: <http://www.thisiscolossal.com/wp-content/uploads/2013/03/peeta-5.jpg>

Mynd 10. Sótt 23. október 2014 á:

[http://img.izismile.com/img/img5/20120703/640/cool\\_threedimensional\\_street\\_paintings\\_640\\_14.jpg](http://img.izismile.com/img/img5/20120703/640/cool_threedimensional_street_paintings_640_14.jpg)

Mynd 11. Sótt 23. október 2014 á: : <http://media02.hongkiat.com/3d-street-arts-2011/lego-terracotta-army.jpg>

Mynd 12. Mynd úr einkasafni.

Mynd 13. Mynd úr einkasafni.

Mynd 14. Mynd úr einkasafni.

Mynd 15. Mynd úr einkasafni.

Mynd 16. Mynd úr einkasafni.

Mynd 17. Mynd úr einkasafni.